Byggðasafn Skagfirðinga - Rannsóknaskýrslur

# Fornleifaskrá Þingeyra



**Bryndís Zoëga**
**Guðmundur St. Sigurðarson**
**Sigríður Sigurðardóttir**
**Guðný Zoëga**

Mars 2006

**2006/50**

© Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson,
Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga
Byggðasafn Skagfirðinga
Sauðárkróki
2006/50

# Efnisyfirlit

**EFNISYFIRLIT** 1

**MYNDASKRÁ ÞINGEYRA** 2

**MYNDASKRÁ GEIRASTAÐA** 3

**INNGANGUR** 4

**TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA** 4

**FORNLEIFASKRÁNING OG AÐFERÐIR** 5

- AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU 5
- JARÐANÚMER 5
- TEGUND, HLUTVERK OG HEITI 6
- LEGA 6
- STAÐHÆTTIR OG LÝSING 6
- HÆTTUMAT 6
- HEIMILDIR 6
- HEIMILDAMENN 6
- SAGA JARÐANNA OG FORNLEIFAR 7
- HELSTU MINJAFLOKKAR 7

**SAGA ÞINGEYRA** 11

**FORNLEIFASKRÁNING** 22

- ÞINGEYRAR 144733 169-4 22
- GEIRASTAÐIR 144708 168-1 95

**FORNLEIFASKRÁ** 97

**SAMANTEKT** 111

- MINJAR OG VAÐVEISLUGILDI 111

**HEIMILDASKRÁ** 117

**VIÐAUKI - Kort og loftmyndir af Þingeyrum, Þingeyraseli og Geirastöðum**

# Myndaskrá Þingeyra

1. MYND. ÍBÚÐARHÚSIN Á ÞINGEYRUM, ELDRA HÚSIÐ ER TIL VINSTRI Á MYND. ..................................22
2. MYND. GAMLA KIRKJUSTÆÐIÐ. ..........................................................................................................23
3. MYND. MINNINGARMÖRK ÚR GAMLA KIRKJUGARÐINUM. ......................................................................24
4. MYND. DÓMHRINGURINN.....................................................................................................................28
5. MYND. GAMLI TÚGARÐURINN..............................................................................................................31
6. MYND. DÆLDIR Í TÚNI ........................................................................................................................32
7. MYND. LEIFAR GAMLA ÖSKUHÓLSINS. ..................................................................................................34
8. MYND. YSTUHÚS...................................................................................................................................39
9. MYND. HERMANNSHÚS LENGST TIL HÆGRI. .........................................................................................40
10. MYND. FJÓS EÐA FJÁRHÚSTÓFTIR Í ÞINGEYRARTÚNI. ............................................................................42
11. MYND. LEIFAR MATJURTAGARÐA. ........................................................................................................45
12. MYND. MATJURTAGARÐAR. ..................................................................................................................46
13. MYND. LEIFAR GARÐS UNDIR BREKKUBARÐI. ..........................................................................................46
14. MYND. VATNSBÓLIÐ, HORFT ER TIL AUSTURS. ........................................................................................48
15. MYND. TÓFTAHÓLL NORÐUR AF ÞINGEYRUM. ..........................................................................................49
16. MYND. UPPHLAÐINN VEGASLÓÐI, HORFT ER TIL NORÐAUSTURS. .......................................................51
17. MYND. VARNARGARÐUR NORÐAN VIÐ EYJABÆ. .....................................................................................66
18. MYND. TÓFTAHÓLARNIR ÞRÍR Á EYJABÆ. HORFT ER TIL AUSTSUÐAUSTURS. ..................................67
19. MYND. LEIFAR HEYGARÐS Í ENGJALANDI ÞINGEYRA. ............................................................................69
20. MYND. GARÐLÖG SUÐUR AF EYJABÆ. HORFT ER TIL SUÐAUSTURS. ................................................. 70
21. MYND. ÁVEITUGARÐAR Í ENGJALANDI ÞINGEYRA. ..................................................................................70
22. MYND. BREKKUGARÐUR, HORFT ER TIL NORÐAUSTURS. ........................................................................71
23. MYND. HESTASLÁTTUVÉL Á EÐVALDSFÚLGU. .........................................................................................72
24. MYND. BÆJARTÓFT Á ÞINGEYRARSELI, HORFT ER TIL SUÐVESTURS. ..................................................89
25. MYND. FJÁRHÚSTÓFT Á ÞINGEYRASELI, HORFT ER TIL VESTURS. ........................................................92
26. MYND. BEITARHÚSATÓFT Á ÞINGEYRASELI. ...............................................................................93

# Myndaskrá Geirastaða

1. MYND. NYRÐRI HLUTI BÆJARHÓLSINS Á GEIRASTÖÐUM.........................................................................97
2. MYND. GEIRHÓLL........................................................................................................................................98
3. MYND. HORFT EFTIR TÚNGARÐINUM TIL NORÐURS.......................................................................................99
4. MYND.FJÁRHÚSTÓFT..................................................................................................................................103
7. MYND. RÉTTARTÓFT. .................................................................................................................................104
8. MYND. FERJUTANGI...................................................... .........................................................................................106
9. MYND. GRÆNHÓLL Á GEIRASTAÐATANGA. ..................................................................................................107

# Inngangur

Sumarið 2005 var gerð fornleifaskráning á klausturjörðinni Þingeyrum í Austur-Húnavatnssýslu með styrk frá Fornleifasjóði. Markmið rannsóknar var að gera heildarúttekt fornleifa á jörðinni. Vettvangsrannsókn fór fram í ágúst og voru það starfsmenn Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga, Bryndís Zoëga landfræðingur og Guðmundur St. Sigurðarson fornleifafræðinemi sem framkvæmdu hana. Við uppmælingu á minjum var Trimble staðsetningartæki notað til þess að teikna tóftir og mæla þær með innan við 1 m nákvæmni.

Auk heimalands voru skráð afbýlið Þingeyrasel í Víðidal og jörðin Geirastaðir sem var áður í bændaeign en tilheyrir nú Þingeyrajörðinni.

Yfirumsjón með verkefninu hafði Guðný Zoëga fornleifafræðingur. Sögu jarðanna skrifaði Sigríður Sigurðardóttir sagnfræðingur.

Sérstakar þakkir eru færðar heimildamönnum okkar: Jósepi Magnússyni, Steinnesi, Gunnari Ríkharðssyni, Þingeyrum og Hauki Magnússyni, Brekku.

# Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

> [...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
>
> a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
> c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
> d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
> e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
> f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
> g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
> h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
> i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
>
> Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja

þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til“. Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Það er augljós hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Við það vinnst tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er hvorki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar né framkvæmdaaðila og þess vegna sameinar fornleifaskráning hagsmuni beggja, fræðigreinarinnar og þeirra sem að framkvæmdum standa.

## Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar verða skráðar í sameiginlegan gagnagrunn minjavörslunnar, Sarp og miðað við skýrsluform hans, en þar eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.[1]

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndum eða teikningum eftir því sem við á og eru minjar færðar inn á loftmynd frá Landmælingum Íslands.

## Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Að öðru leyti er skráin byggð upp með eftirfarandi hætti:

## Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað. Þingeyrar hafa númer 144733, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens (1847), 169 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hverrar jarðar; bæjarstæði Þingeyra er þá nr. 4 og því auðkennt með eftirfarandi hætti: Þingeyrar 144733 169-4. Sé jörð með landnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og

[1] J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

### Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Valhöll, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. hesthús eða hlaða.

### Lega

Þegar staðsetning minja er þekkt er nákvæm staðsetning þeirra skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Hnitin eru tekin í landshnitakerfinu ISN93. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi loftmyndum frá Landmælingum Íslands.

### Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

### Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geta orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar máist í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast/horfið af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættu þegar einungis er til heimild um fornleifar og þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

### Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að hver fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar. Ekkert túnakort var til fyrir Þingeyrar og því er stuðst, að hluta, við kort Brynjúlfs Jónssonar sem kom að Þingeyrum 1894. Túnakort voru hinsvegar til fyrir bæði Þingeyrasel og Geirastaði.

### Heimildamenn

Heimildamenn við skráningu á Þingeyrum voru: Jósep Magnússon, Steinnesi, Gunnar Ríkharðsson, Þingeyrum, Haukur Magnússon, Brekku.

## Saga jarðanna og fornleifar

Í kaflanum um sögu jarðanna og fornleifar er stiklað á stóru um sögu jarðarinnar. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

## Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna. Þær minjar er mesta sögu geyma eru bæjarstæði/hólar og umhverfi þeirra. Stærsti minjaflokkurinn saman stendur hinsvegar af útihúsum hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru þau byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er ekki alltaf hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

### Minjar í túni

***Bæjarstæði***
Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.
***Kirkjur*** voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.
Á ***alkirkjum***, höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.
Á ***hálfkirkjum***, svokölluðum útkirkjum (annexíum), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.
Á ***fjórðungs-*** og ***þriðjungskirkjum*** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.
***Bænhús*** voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.
***Grafreitir*** voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæði, umhverfis kirkjur. Elstu kirkjugarðar voru hringlaga en urðu seinna ferhyrndir. Ætla má að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað í frumkristni en ætlað hefur verið.

### Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:
***Fjós*****:** Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.
***Fjárhús*****:** Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóft eða stalla undan jötum upp við veggi. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar við fjárhústóftir.
***Hrútakofar*****:** Smærri kofar oft yst í túni.
***Lambhús*****:** Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.
***Hesthús*****:** Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

***Smiðjur*:** Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.
***Kofar*:** Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hænsnakofar, eldiviðarkofar.
***Brunnar*:** Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferhyrndir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.
***Myllur*:** Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúnar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á mörgum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læki. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.
***Kvíar og stekkir*:** Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en þær voru einn dilkur. Kvíar voru yfirleitt hlaðnar upp þar til síðustu áratugi fráfærnaskeiðs að farið var að nota færikvíar úr timbri og þá yfirleitt staðsettar á svokölluðu kvíabóli.

## Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

***Kuml/haugur/dys/kumlateigur*:** Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Stundum eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornmanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.
***Réttir*:** Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabrúks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðheldi einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.
***Stekkir*:** Eru smáréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró og voru notaðir fyrstu dagana við fráfærur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjarveg, og oft úr sjónmáli við bæ. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.
***Nátthagar*:** Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ánna á daginn. Nátthagarnir voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftar en ekki í næsta nágrenni við bæi.
***Sel*:** Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali

rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.
***Stöðull***: Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.
***Beitarhús***: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftar en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.
***Smalakofar***: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.
***Heytóftir/heystæði/heykuml/heygarðar***: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.
***Fjárborgir***: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.
***Garðlög***: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkja-garðar.
***Heyvinnsla***: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

**Við sjó/vötn**

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kunna þar að finnast nokkuð fjölbreyttar minjar.

***Sjóhús/verbúðir***: Sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.
***Fiskbyrgi***: Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

***Hjallar*****:** Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuðu upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.
***Naust/hróf*****:** Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.
***Uppsátur*****:** Þar settu menn upp báta. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur voru líka til en eru sjaldgæfari.
***Fiskgarðar*****:** Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

# Saga Þingeyra



***Horft heim að Þingeyrabænum.  Eldra íbúðarhúsið t.v. á myndinni stendur þar sem bærinn mun hafa staðið um aldir. Ljósm. GZ***

Þingeyrar eru sögufrægur staður og höfuðból, sem fyrst er getið í Landnámu. Þar var fyrsti þingstaður Húnvetninga[2] og þar var reist fyrsta klaustur á Íslandi árið 1120. Búskapur hefur alltaf verið mikill á Þingeyrum.

**Annáll Þingeyra**
**Á landnámstíma** er skipum siglt inn á Þingeyrasand, eða að Búðatanga. Ingimundur gamli sem nam Vatnsdal er sagður hafa siglt skipi sínu Stíganda inn á Húnavatn og komið því í skipalægi þar sem heitir Stígandahróf, í landi Þingeyra.

**Um 1014** í Heiðarvígasögu kemur fram að mannamót eru haldin að Þingeyrum. Það er sennilega fyrsta heimild um þinghald þar, en staðurinn gæti hafa verið samkomustaður allt frá landnámstíma og tengst hafskipakomum.

**Fyrir 1121** er reist kirkja og bær að Þingeyrum

**1133** var stofnað þar klaustur.[3] Fyrsti ábótinn á Þingeyrum var Vilmundur Þórólfsson sem var

[2] *Íslenska söguatlasinn* 1. bindi, 1991. Bls. 109.

[3] Islandske annaler, 1977. Bls. 59 (Høyers ann.), 113 (Konungsann.), 320-321 (Gottskálksann.), 474 (Oddav.ann.), 252 (Lögmannsann.[1134]). Aðeins er um eitt frávik að ræða, í einu af þremur handritum Gottskálksannáls kemur fyrir ártalið 1112 sem stofnár Þingeyraklausturs.

ábóti frá 1133-1148.

**Um 1200** eru munkar Þingeyraklausturs orðnir mikilvirkir skrifarar handrita um kristnitökuna, landnámstímasagnir og fleira, sem seinni tíma ritarar byggðu skrif sín á meira og minna.[4]

**1313-1314** setti Lárentíus Kálfsson skóla að Þingeyrum.

**1551** var Þingeyraklaustur lagt niður og eignir þess runnu til konungs. Frá klausturtímanum er enn alabastursaltarisbrík í kirkjunni.

**1619** tók Páll Guðbrandsson gömlu klausturkirkjuna niður og reisti aðra í hennar stað.[5]

**1684** settist Lauritz Gottrup fyrsti danski lögmaðurinn hérlendis að á Þingeyrum.

**1695** tók Gottrup kirkju Páls niður og reisti útbrotakirkju úr timbri í hennar stað. Hann gaf kirkju sinni skírnasá og nýjan prédikunarstól, sem enn er notaður og ber barokkeinkenni og er sennilega gerður í Hollandi.[6] Hvort tveggja er enn í kirkjunni. Lauritz var grafinn í kór kirkjunnar 1721.[7]

**1737** fékk Bjarni Halldórsson sýslumaður jörðina til búskapar, en hann er sá sem gaf nýtt altarisklæði í kirkjuna[8] 1763 og er með fangamarki hans.

**1807** reif Björn þau hús sem stóðu og byggði nýjan bæ og útihús. Sá bær var rifinn árið 1915 er nýir eigendur reistu nýtt hús á Þingeyrum.

**1811** keypti Björn jörðina af konungi.

**1819** tók Björn útbrotakirkju Gottrups niður og reisti aðra í hennar stað, með torfhlöðnum veggjum.

**1864-1877** lét Ásgeir Einarsson alþingismaður reisa steinhlaðna kirkju, sem hann fól Sverri Runólfssyni steinsmið að byggja.[9] Kirkjan var vígð 9. september 1877 og stendur enn.

**1881** var prestssetur Þingeyrasóknar flutt til Steinness.

**1914** eignuðust jörðina Hulda Á. Stefánsdóttir húsmæðraskólastýra á Blönduósi og Jón Pálmason kaupfélagsstjóri á Sauðárkróki. Sama ár var vígður nýr kirkjugarður og seinna afhentu þau söfnuðinum kirkjuna.

**1966-1967** var kirkjugarðurinn stækkaður og steypt upp rimlagirðing umhverfis hann.

---

[4] Hjalti Hugason, 2000. Bls. 128.

[5] *Annálar* I (Skarðsárannáll), 1922-1927. Bls. 213.

[6] Sjá mynd bls. 345 í 3. bindi *Úr torfbæjum inn í tækniöld,* 2003.

[7] Í annál Páls Vídalíns kemur fram að Gottrup lét einnig byggja „dansk timburhús“ á Þingeyrum. *Annálar* I (Annáll Páls Vídalíns), 1922-1927. Bls. 679.

[8] Segir einnig í Annál Páls Vídalíns.

[9] Þóra Kristjánsdóttir, 2000. Bls. 89. Ásgeir keypti Þingeyrar og flutti þangað 1860.

**1970** var prestssetur Þingeyrasóknar flutt til Blönduóss.

Þótt Þingeyra sé fyrst getið í Landnámu var jörðin ekki landnámsjörð, en hluti hennar náði undir landnám Ásmundar þess sem: „[...] nam út frá Helgavatni um Þingeyrasveit og bjó undir Gnúpi“. Samkvæmt Landnámu var Ásmundur þessi vinur landnámsmannsins Ingimundar sem getið er hér að neðan, og munu þeir hafa siglt saman til Íslands. Síðar í Landnámu segir: „Ingimundur fann beru og húna tvo hvíta á Húnavatni. Eftir það fór hann utan og gaf Haraldi konungi dýrin; ekki höfðu menn í Noregi áður séð hvítabjörnu. Þá gaf Haraldur konungur Ingimundi skip með viðarfarmi, og sigldi hann tveim skipum fyrir norðan land fyrstur manna fyrir Skaga og hélt upp í Húnavatn; þar er Stígandahróf hjá Þingeyrum“.[10] Stígandahróf er þekkt örnefni í landi Þingeyra.[11] Þingeyra er einnig oft getið í Vatnsdælu. Heimildir geta þess að Þorkell Trandill hafi fyrstur búið á Þingeyrum. Lítið er vitað um þennan fyrsta ábúanda nema að sagt er að hann hafi verið fóstbróðir Jóns biskups Ögmundssonar og hann hafi látist í Skálholti.[12]

Elsta frásögn af Þingeyraþingi er sennilega í Heiðarvígasögu.[13] Það var einnig kallað Húnavatnsþing og er víða getið í fornum ritheimildum, meðal annars segir frá þinghaldi og eða atburðum sem þar gerðust í Grettissögu, Heiðarvígasögu, Kormákssögu, Vatnsdælu og Hallfreðar sögu vandræðaskálds. Ýmsar tilgátur eru um það hvar þingstaðurinn hafi verið. Konrad Maurer var boðið að skoða þingstaðinn 1858 og samkvæmt lýsingu hans virðist hann einhvers staðar fjarri bæ, sem er ekki í samræmi við síðari tíma skoðanir, því hann segir: „Við riðum að gamla þingstaðnum í nágrenninu á forláta gæðingum. Þar sjást enn leifar allmargra búða, einnig má greina dómhringinn og girðingu. Á leiðinni sýndi Ólsen okkur staðinn þar sem klaustrið á fyrst að hafa staðið; mér virtist reyndar sem þar gæti einhverju skakkað“.[14] Menn telja að hann hafi verið á eyrunum niður við Hópið[15], en er Brynjúlfur Jónsson fornleifafræðingur rannsakaði Þingeyrar árin 1894 og 1905 taldi hann víst að þingið hafi verið þar sem bærinn stendur nú. Norður af bænum var hringlaga hleðsla í túni um 14-16 faðmar í þvermál og alltaf nefnd Dómhringur.[16] Sigurður Vigfússon taldi hins vegar hugsanlegt að Dómhringurinn svokallaði væri tóft hestaréttar.[17] Brynjúlfur taldi sig sjá tóftir þarna heim við bæinn sem líktust búðatóftum eins og hann hafði séð á öðrum þingstöðum, en honum gafst ekki færi á að gera uppdrátt af svæðinu sökum þess hve mikið gras var þar á þeim tíma. Orðrétt segir hann:

> „En næstu þóttist jeg fá fullvissu, er ég sá, til og frá um suður- og vesturtúnið, mikinn fjölda af stórum fornum tóftum, sem eru, sumar hverjar, allglöggvar, og merkilega líkar búðatóftum á fornum þingstöðum. Eru þær flestar nálega 8 faðma langar og 4 faðma breiðar, háar og veggjadigrar og nær fullar innan, svo að eins sjer bolla ofan í. Hinar glöggustu eru raunar ekki fleiri en 8-10; en svo eru margar ógglöggvari, þó auðsjáanlega af sama taki, en þjettara settar saman. Þannig er það einkum neðan undir hlaðbrekkunni. Og sjeu þetta nú búðatóftir, þá er auðvitað, að mest hefir verið þar,

[10] Landnámabók (Sturlubók). http://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm.

[11] Halldór Jónsson, 1967. Örnefnaskrá Þingeyra.

[12] Guðmundur Þorsteinsson, 1974. Bls. 68.

[13] Guðmundur Þorsteinsson, 1974. Bls. 65.

[14] Konrad Maurer, 1997. Bls. 195.

[15] P.V.G. Kolka,1950. Bls. 213. P.E. Kristian Kålund, 1986. Bls. 22 -23.

[16] Brynjúlfur og Halldór Jónsson, 1967. Bls. 2.

[17] Segir Sigurður Vigfússon í *Árbók Hins Íslenska fornleifafélags*, 1888-1892.

sem nú er bærinn og kirkjugarðurinn, gæti þar hafa verið mikill fjöldi þeirra“.[18] Brynjúlfur kom aftur að Þingeyrum árið 1905 en þá var búið að slétta yfir tóftirnar og aðeins ein tóft eftir sem minnti á fyrrnefndar búðatóftir. Þingastaðurinn var snemma færður að Sveinsstöðum og hreppurinn við hann kenndur.

Í kaþólskum sið var kirkjan á Þingeyrum tileinkuð heilögum Nikulási[19] verndara sjómanna. Líklegt má telja að Þorkell Trandill sem áður er getið, hafi látið reisa hana.[20] Fyrst segir af kirkjunni í Jóns sögu Ögmundarsonar, þá er hallæri var mikið og Jón biskup helgi hét til árs að reisa skyldi kirkju og bæ á Þingeyrum til að létta hallærinu. Segir svo frá Jóns sögu helga hinni eldri: „[...] lagði hinn helgi Jón biskup af sér skikkju sína, ok markaði sjálfir grundvöll undir kirkjuna.“ Mun skjótt hafa skipast í veðri og á viku voru horfnir þeir ísar sem hallærið hafði meðal annars stafað af og voru „sauðgrös nær ærin.“ Kirkjustaðar var fyrst getið skömmu eftir að Jón Ögmundsson tók við biskupsembætti á Hólum er hann. „fór til vorþings þess er var að Þingeyrum, og er hann kom þar, þá heitir hann til árs við samþykki allra manna að þar skyldi reisa kirkju og bæ, og skyldu allir þar til leggja þar til er sá staður yrði efldur. Eftir heit þetta lagði hinn helgi Jón biskup af sér skikkju sína og markaði sjálfur grundvöll undir kirkjuna.“[21]



***Núverandi kirkja á Þingeyrum, byggð 1895, tók við af eldri torfkirkju. Ljósm. GZ***

Klaustur var sem fyrr segir stofnað á Þingeyrum árið 1133.[22] Jón biskup mun hafa vígt kirkju á Þingeyrum áður en hann lést, 1121, samanber bréf ársett 1320: „Vitnisburdur okkar Þóris ábóta [í Þingeyraklaustri] og Gríms ábóta í [Niðar]hólmi er þessi ... Þorkell prestur trandill gerði fyrstur manna bú, að Þingeyrum í Vatnsdal í Norðlendinga fjórðungi á Íslandi, undir því nafni að þar skyldi klaustur vera, svo sem kirkja var þar gjör vígði hana heilagur Jón hinn fyrsti Hóla biskup. Og af því að þar lágu engar eignir til utan sjálf heima jörðin, gaf þessi sami heilagur og göfuglegur biskup kirkjunni og klaustrinu til ævinlegs uppheldis biskups tíundir svo miklar sem verða af þrettán kirkju sóknum fyrir vestan Vatnsdalsá. Lágu þessar tíundir frjálslega undir Þingeyra klaustur á dögum átta Hóla biskupa, þar til er Jörundur Hólabiskup tók þær undan með valdi en engu laga prófi.“[23]

---

[18] Svo segir hann í skýrslu í *Árbók Hins Íslenska fornleifafélags* árið 1895.

[19] Nikulás var biskup í Myra í Litlu-Asíu, d. 345. Hann var verndari sjómanna og ungra barna. Tákn Nikulásar eru: akkeri, brauð 2-3, þrjár gullstangir, kaleikur með þrem börnum. Tákngerfingur Nikulásar í nútímanum er ameríski jólasveinninn Sankti Kláus sem gaf börnum gjafir 6. desember, sem er dagur Nikulásar, sá siður hefur færst til jóla.

[20] Jón Torfason, óársett. Bls. 55.

[21] Biskupa sögur I, 2003. Bls. 227-228.

[22] DI - Islandske annaler, 1977. Bls. 59 (Høyers ann.), 113 (Konungsann.), 320-321 (Gottskálksann.), 474 (Oddav.ann.), 252 (Lögmannsann. Í einu af þremur handritum Gottskálksannáls kemur fyrir ártalið 1112 sem stofnár Þingeyraklausturs.

[23] DI -Íslenskt fornbréfasafn II. Bls. 494.

Þingeyraklaustur var hið fyrsta sem reist var á landinu að reglu Benedikts frá Nurcíu[24] Getum hefur verið að því leitt að fyrirmynd munklífis á Þingeyrum hafi e.t.v. verið Niðarhólmsklaustur í Noregi, en það fylgdi Clunyútgáfu Benediktsreglunnar.[25] Í Gottskálksannál frá 1112 segir: „sett klavstr aa Þingeyrvm." Sama segir í Henrik Høyers annál, Konungsannál og Gottskálksannál frá 1133 og Lögmannsannál frá 1134. Fyrsti ábótinn var vígður árið 1133 og er viðtekin venja að telja klaustrið stofnað þá þó svo hugsanlegt sé að klausturlíf hafi hafist fyrr.[26] Fyrsti ábótinn á Þingeyrum var Vilmundur Þórólfsson sem var ábóti frá 1133-1148, hann var afkomandi landnámsmannsins Atla Eilífssonar í Skagafirði og hafði numið í Hólaskóla í tíð Jóns Ögmundarsonar. Síðasti ábóti á Þingeyrum var Helgi Höskuldsson, sem var hann ábóti til 1551 þegar klaustrið á Þingeyrum var lagðt niður.[27] Meðal þeirra sem dvöldu í Þingeyraklaustri var sr. Laurentíus Kálfsson sem síðar varð biskup á Hólum. Í Laurentíus sögu segir að Laurentíus hafi sett þar skóla og kennt Guðmundi þáverandi ábóta og mörgum fleirum. Ekki eru aðrar heimildir til um reglulegt skólahald í klaustrinu en þó er talið víst að þar hafi verið haldið uppi reglulegri fræðslu.[28]

Þingeyraklaustur var orðið stórauðugt í byrjun 16. aldar og í Sigurðarregistri frá 1525 eru nefndar 104 jarðir í eigu þess.[29] Í fyrstu reikningum frá klaustrinu, eftir siðbreytingu, er það talið eiga 64 jarðir og eru klausturjarðirnar lengst af á bilinu 60-70 jarðir. Auk jarðanna átti klaustrið rekaítök víða svo og hval, sel og annað sem barst að landi, sem í fólust mikil verðmæti. Árið 1525 átti klaustrið rúmlega 300 kúgildi bæði á jörðum staðarins sem og á leigustöðum. Klaustrið rak útibú og var eitt slíkt í Hvammi í Vatnsdal. Undir lok miðalda var Þingeyraklaustur með auðugustu klaustrum landsins eins og eignaskrá þess frá því um miðja 16. öld vitnar um. Klaustrið átti þá yfir 50 byggðar jarðir, fjölmargar rekafjörur, bæði með viðar- og hvalreka og hátt í 300 kúgildi víða um hérað.[30] Um þær mundir voru fáir staðir á landinu auðugri. Það var lagt niður við siðbreytinguna 1551. Eftir siðbreytinguna lagði konungur undir sig allar klausturjarðir og setti yfir þær sína eigin umboðsmenn. Fyrstu umboðsmenn á Þingeyrum voru bræðurnir Hákon og Árni Gíslasynir.[31]

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er getið eyðihjáleigunnar Trumbsala, eða Trumsala (Trumbsvala) og geta þess að munnmæli segi að klaustrið hafi staðið þar sem tóftaleifar Trumbsala eru en þeim félögum þótti það ekki líkleg skýring þar sem tóftirnar eru „[...] bæði færri og smærri en klaustri sambjóði" og lélegur aðgangur er að vatni.[32]

Hugsanlega hefur miðaldakirkjan staðið fram á 17. öld en árið 1619 lét Páll Guðbrandsson reisa þar nýja kirkju sem heldur var orðin hrörleg árið 1695 þegar Lárus Gottrup lögmaður reisti stóra timburkirkju á Þingeyrum. Árið 1695 lét Lauritz Gottrup taka ofan gömlu klausturkirkjuna og smíða nýja veglega timburútbrotakirkju, um 14 metra langa, í 7 stafgólfum þar sem kór og kirkja voru undir sama formi. Steinlagður gangur var inn eftir

---

[24] *Húnaþing* I, 1975. Bls. 111.

[25] Gunnar F. Guðmundsson, 2000. Bls. 215-216.

[26] Jón Torfason, *óársett*. Bls. 12.

[27] Jón Torfason, *óársett*. Bls. 18-33.

[28] Jón Torfason, *óársett*. Bls. 26.

[29] DI -Íslenskt fornbréfasafn IX. Bls. 293-334.

[30] DI -Íslenskt fornbréfasafn IX. Bls. 314-316.

[31] Jón Torfason, óársett. Bls. 40- 42.

[32] Árni Magnússon og Páll Vídalín,1926. Bls. 250-51.

kirkjunni [en gólfið annars úr timbri]. Yfir allri kirkjunni var hvelfing í lofti, sú elsta sem spurnir eru af hér á landi og upp af miðjum mæni reis átthyrndur turn með spíru. Víða í kirkjunni var að finna útskorið og málað skrautverk, svo sem „kostulega proportioneraða“ pílára milli kórs og kirkju.[33] Gottrup lét prýða kirkju sína vönduðum gripum sem margir hverjir eru enn til eins og greint verður frá hér aftar. En hann lét ekki einungis reisa kirkju heldur einnig timburhús eftir endilangri austurhlið húsagarðsins var tæplega 18 metra langt, yfirleitt kallað danskt (sumir segja norskt) eða með dönsku sniði.

Í úttekt frá 1684 þegar Lárus Gottrup tók við Þingeyrum voru þar alls 46 hús, sem Lárus byggði að miklu upp um og fyrir aldamótin 1700 og umbylti bæjarhúsum og endursmíðaði þau og eitthvað fækkaði hann þeim.[34] Hann var mikill fjársýslu- og athafnamaður og setti mark sitt á staðinn með margvíslegum hætti. Aðrar byggingar en kirkjan og „danska húsið“ virðast hafa verið með hefðbundnu íslensku byggingarlagi. Þar má telja langabúr, fógetahús, kvarnarskemmu, skála og prestaskála fyrir þurfandi presta.[35] Auk staðarúttekta er varðveitt merk lýsing Ólafs Gíslasonar, barnabarns Lauritz Gottrups, eins og hann mundi staðinn er hann dvaldi þar barn að aldri. Ólafur tekur svo til orða: „Inngangur staðarins var með dönsku byggingarlagi, hlið nær því þriggja faðma á breidd, og svo hátt, að ríðandi maður gat rjett að eins seilst með svipu yfir bitann, sem lá á tveimur sterkum dyrastólpum.“ Innan við þetta glæsilega hlið var sjálfur garðurinn „sem var steinlagður, rjett eins og borgarstræti, allur ferhyrningurinn hjer um bil 7-8 faðma á hvern veg.“[36] Í lýsingu Ólafs Gíslasonar kemur einnig fram að Gottrup hafi „með mikilli fyrirhöfn“ látið leiða vatn nálægt bæjarhúsunum og ætlað að láta gera vatnspóst upp við þau en lést áður en af því gat orðið.[37] Í ferðabók sinni frá miðri 18. öld ljúka þeir Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson lofsorði á búskap og garðrækt Lauritz Gottrup á Þingeyrum „en í mestum blóma stóð matjurtaræktin þar um 1700“.[38]

Kirkja Lauritz hrörnaði mikið á tímum Bjarna Halldórssonar lögmanns og um aldamótin 1800 hugleiddu kirkjuvöld að leggja Þingeyrakirkju niður og skipta sókninni á nálægar kirkjusóknir. Af þessu varð þó ekki. Bjarni Halldórsson þótti annars vel að sér, og var ágætur búhöldur en héraðsríkur og átti í deilum við marga af æðstu mönnum landsins. Hann stundaði ýmsar ræktunartilraunir með grænmeti á Þingeyrum, í tengslum við Innréttingarnar í Reykjavík.[39]

Þegar Björn Ólsen kom að Þingeyrum 1807 var staðurinn í niðurníðslu og lét hann rífa þau hús sem þar stóðu og byggði nýjan bæ og útihús, sem þóttu reisuleg. Árið 1811 keypti hann jörðina. Árið 1817 lét hann taka kirkju Gottrups, sem þá var orðin verulega hrörleg, niður[40] og lét reisa nýja torfkirkju, alþiljaða en heldur minni en þá sem fyrir var[41] en á sama stað í miðjum kirkjugarðinum. Þar í garði hvíla margir merkir bókagerðamenn liggja. Þá má nefna að þegar Konrad Maurer var á ferð 1858 var honum sýnt svokallað Munkaleiði utan garðs

---

[33] Hörður Ágústsson, 1998. Bls. 206-207.

[34] Jón Torfason, óársett. Bls. 52.

[35] Hörður Ágústsson, 1998. Bls. 99. Ólafur Gíslason, óársett. Bls. 61.

[36] Ólafur Gíslason, óársett. Bls. 59, 62-62.

[37] Ólafur Gíslason, óársett. Bls. 67. Hulda Á. Stefánsdóttir nefnir það sérstaklega í æviminningum sínum frá Þingeyrum hversu þar hafi verið erfitt með neysluvatn.

[38] Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar II, 1981. Bls. 48.

[39] Hrefna Róbertsdóttir, 2002. Bls. 16, 132,

[40] Árbók Ferðafélags Íslands, 1964, Bls. 185-186.

[41] Jón Torfason, óársett. Bls. 57-58.

„þar sem nokkrir munkar eru sagðir liggja, bannfærðir fyrir sakir sem mér er ekki kunnugt um“[42] segir hann. Kirkja Björns var töluvert farin að láta á sjá þegar Ásgeir Einarsson keypti jörðina og hóf þar búskap[43] og lét Ásgeir reisa kirkju þá sem nú stendur á Þingeyrum á árunum 1864-1877. Kirkjan er í svokölluðum rómönskum stíl og hlaðin úr grjóti sem var flutt um 8 km leið yfir Hópið á sleðum, frá Ásbjarnarnesbjörgum.

Ætla má að Þingeyrakirkjur hafi hver af annarri staðið í miðjum kirkjugarði. Ekkert bendir til annars en að garðurinn hafi verið á sama stað og þegar síðast var í hann grafið í upphafi 20. aldar. Nýr kirkjugarður upp við steinkirkjuna var vígður síðla árs 1914 og þá var jarðsett í hann í fyrsta sinn.[44] Hafist var handa við að færa minningarmörk í gamla kirkjugarðinum á steinsteyptan sökkul nálægt miðjum garði árið 1927 og var því verki lokið tveimur árum síðar. Að því búnu var sléttað yfir garðinn, sem var nær mannhæðar hár og hann nýttur sem tún, og var hann nær dagslátta að stærð.[45] Í dag sér varla lengur móta fyrir garðsveggnum. Það er mikill skaði í menningarlandslagi Þingeyrastaðar. Framan við kirkjudyr steinkirkjunnar var, skömmu fyrir miðja 20. öld, komið upp steyptu bogahliði með krossi upp af og rimlahurðum fyrir.[46] Lengi vel var um kirkjugarðinn einföld vírnetsgirðing, en hann var stækkaður töluvert árið 1966 og girðingin utan um hann endurnýjuð 1967 og steypt upp rimlagirðing og garðurinn stækkaður um leið.[47] Á síðustu árum hefur stígur verið lagður innan kirkjugarðsins.

Hjáleigur Þingeyra voru Geirastaðir, býli sunnan til í samnefndri bungu norðan Þingeyra, og Trumbsalir.[48] Í jarðabók Árna og Páls segir að Geirastaðir sé í bændaeign og í eigu Lárusar Gottrups lögmanns á Þingeyrum[49], og samkvæmt jarðatali Johnsen eru Geirastaðir í bændaeign 1847 en þar er þess ekki getið að jörðin hafi verið hjáleiga.[50] Einnig munu Leysingjastaðir hafa verið hjáleiga frá Þingeyrum.[51] Árni Magnússonar og Páll Vídalín segja þá jörð einnig í eigu Lárusar Gottrups lögmanns en áður hafi hún verið klausturjörð og þaðan fenginn mór til eldiviðar.[52] Jörðin Leysingjastaðir var í bændaeign 1847 og þá metin á 20 hundruð.[53]

Jörðin átti selstöðu í austanverðu Víðidalsfjalli þar sem heitir Þingeyrasel.[54] Samkvæmt jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín notaði Lárus Gottrup staðarhaldari á

---

[42] Konrad Maurer, 1997. Bls. 191.

[43] Guðmundur Þorsteinsson, 1974. Bls. 95.

[44] Þ.Í. Þingeyrar BA/6, 1914.

[45] ÞÍ. Úttekta-, vísitasíu- og héraðsfundabók Húnavatnsprófastsdæmis 1925-1941, AA/13, 1927, 1929. Hulda Á. Stefánsdóttir. Bls. 57. Sjá mynd af garðinum bls. 344 í bókinni *Úr torfbæjum inn í tækniöld,* 2003.

[46] ÞÍ. Úttekta-, vísitasíu- og héraðsfundabók Húnavatnsprófastsdæmis 1925-1941, AA/13, 1949.

[47] ÞÍ. Biskupavísitasíur, Húnavatnsprófastsdæmi 1967-1968, 1994-AA/11, örk 11. Bls. 271-274. Hulda Á Stefánsdóttir, 1975. Bls. 15-16. Sjá myndir af kirkju, bæ og kirkjugarði bls. 344 í bókinni *Úr torfbæjum inn í tækniöld,* 2003.

[48] Jón Torfason, óársett. Bls. 2.

[49] Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1926. Bls. 247.

[50] J.Johnsen, 1847. Bls. 232.

[51] Jón Torfason, óársett. Bls. 3.

[52] Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1926. Bls. 249.

[53] J.Johnsen, 1847. Bls. 232.

[54] Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1926. Bls. 249.

Þingeyrarklaustri jörðina Enniskot í Víðidalshreppi bæði sem selstöðu og til vetrarbeitar fyrir sauði klaustursins[55] og einnig að klaustrið hafi haft selstöðu í landi Hnausa fram yfir 1700. Var heyjað þar á jörðinni og rekið nokkurs konar bú frá Þingeyrum, en samkvæmt Jarðabókinni var jörðin fyrst leigð út árið 1711.[56]

Bær Björns Ólsen var rifinn árið 1915 þegar Jón S. Pálmason lét reisa nýtt hús á Þingeyrum. Íbúðarhúsið það sem nú stendur var reist árið 1978[57] og stendur sunnan við gamla bæjarhólinn, mitt á milli gamals kálgarðs og öskuhaugs. Vestasti hluti eldra bæjarhúss þess er stendur að Þingeyrum er að stofni til geymsluhús og hjallur sem ekki varð eldi að bráð er hús brunnu þar árið 1924.

## Náttúrufar og jarðabætur

Þingeyrar eru landmikil jörð og eiga land milli Húnavatns og Hóps, frá sjó og fram á svonefndan Haga. Gamli bærinn stóð sunnan á svokallaðri Þingeyrarbungu og var bæjarstæðið í miðju gamla túninu, sem var allstórt og talið með þeim stærstu í Húnavatnssýslu, en ekki var sagt mjög grasgefið. Nú hafa mýrar sem liggja niður frá gamla túninu verið ræktaðar, allt niður að vatni og hafa tún verið ræktuð á fleiri stöðum í landinu. Engjarnar voru bæði víðlendar og grasgefnar, mestar á óshólmum Vatnsdalsár.[58] Beitiland var norður og vestur frá túni[59] og einnig var beitarland gott á Eylendinu og voru beitarhús við Kvíslarnar, nefnd Eyjabær.[60]

Fyrir botni Húnaflóa, á milli Húnvatns og Hóps, er Þingeyrarsandur sem talinn er um 40-50 $km^2$ að stærð. Sandurinn er töluvert gróinn og þar eru bæði melgresis- og grasflesjur. Þingeyrar voru mikil hlunnindajörð. Á sandinum var góð fjörubeit og var sauðum jafnan beitt þar. Auk þess var mikið varp á sandinum og var þar bæði eggja- og dúntaka.[61] Í jarðatali Johnsen er ekki getið um jarðardýrleika Þingeyra en neðanmáls er þess getið að 1802 hafi hún verið 27 hundruð að dýrleika.[62] Selveiði var í Húna- og Bjargarósi, laxveiði í Vatnsdals- og Víðidalsám og silungsveiði bæði sjónum og vötnunum. Einnig var mikill reki á Þingeyrarsandi og er sá hluti sandsins sem næstur er sjónum nefndur Reki.[63]

## Landamerki

Jörðin markast af Hópi og Bjargósi í suðvestri og vestri en Húnavatni og kvíslum þess í austri, allt til ósa. Landamerkjunum er svo lýst í örnefnaskrá: „Að austan eru merki frá Búðartanga um Húnavatn, Giljárkvísl og Brekkukvísl, en þær eru hið forna árfar Vatnsdalsár. Frá Kvíslarkróki vestan Brekkukotshólma ræður bein lína í Merkjaþúfu; er þar suðuroddi engisins. Norðvestur frá Merkjaþúfu ræður Geirastaðadrag til Kvíslar sunnan Eyjabæjar og þá kvísl til Djúpavaðs, síðan Geirastaðadrag og Landengjakvísl til Fornastekkjar. Þá lína um Hestakrók til Merkjadrags við Hóp. Sunnan Þingeyrasands liggja merki um Hópið og síðan um Bjargarós til sjávar. Merki milli Geirastaða og Þingeyra eru frá Búðartanga, lína vestur

---

55 Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1926. Bls. 220.

56 Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1926. Bls. 266.

57 Jón Torfason, óársett. Bls. 55.

58 Jón Torfason, óársett. Bls. 81.

59 Húnaþing II, 1979. Bls. 319.

60 Jón Torfason, óársett. Bls. 81.

61 Sama heimild. Bls. 81 og 91

62 J.Johnsen, 1847. Bls. 232.

63 Jón Torfason, óársett. Bls. 84-88.

um Háugötur í Langalón, síðan lónið og lína, eins og það horfir til sjávar.“64

**Heimildaskrá**

*Annálar 1400-1800,* I. Reykjavík 1922-1927.

*Árbók Ferðafélags Íslands,* 1964. Reykjavík.

*Árbók Hins íslenzka fornleifafélags,* 1895. Reykjavík.

*Árbók Hins Íslenska fornleifafélags,* 1888-1892. Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1926. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns,* 8. bindi. Kaupmannahöfn.

*Biskupa sögur I,* 2003. Reykjavík.

*DI - Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* 1893-1932: (I.-XII. bindi). Kaupmannhöfn og Reykjavík, Hið íslenzka bókmenntafélag.

*Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757.* II, 1981. Reykjavík.

Guðmundur Þorsteinsson, 1974. „Þingeyrar“. *Húnvetningur.* Ársrit Húnvetningafélagsins í Reykjavík II. Reykjavík.

Guðmundur Þorsteinsson, 1988. „Þankabrot úr Þingeyraklaustri“. *Saga og kirkja. Afmælisrit Magnúsar Más Lárussonar.* Reykjavík.

Gunnar F. Guðmundsson, 2000. Kristni á Íslandi II. Íslenskt samfélag og Rómarkirkja. Reykjavík

Guðrún Harðardóttir, 2006. Drög að sögu Þingeyra. Óprentað handrit.

Halldór Jónsson, 1967. *Örnefnaskrá Þingeyra*. Örnefnastofnun Íslands.

Hjalti Hugason, 2000. *Kristni á Íslandi 1. bindi. Frumkristni og upphaf kirkju.* Reykjavík.

Hrefna Róbertsdóttir, 2002. „Landsins forbetran“. *Saga.* Tímarit Sögufélags XL-2002. Reykjavík.

Hulda Á Stefánsdóttir, 1978. „Þingeyrakirkja 100 ára“. *Húnvetningur.* Ársrit Húnvetningafélagsins í Reykjavík VI. Reykjavík.

*Húnaþing* I og II, 1975. Reykjavík.

Hörður Ágústsson, 1998. *Íslensk byggingararfleifð* I. Reykjavík.

---

[64] Halldór Jónsson,1967. Bls. 1.

*Islandske annaler indtil 1578*, 1977. Udgivne for det norske historiske Kildeskriftfond ved Gustav Storm. Annales Reseniani. - Annales vetustissimi. - Henrik Höyers annaler. - Annales regii. - Skálholts-annaler. - Annalbrudstykke fra Skálholt. - Lögmanns-annáll. - Gottskalks annaler. - Flatöbogens annaler. - Oddveria annall. Christiania.

*Íslenskur söguatlas. Frá öndverðu til 18. aldar* 1. bindi, 1991. Reykjavík.

J. Johnsen,1847. *Jarðatal á Íslandi*: með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn.

Jón Torfason, óársett. *Þingeyrar*. Óprentað handrit.

Konrad Maurer, 1997. *Íslandsferð 1858.* Reykjavík.

*Landnámabók* (Sturlubók) (desember 1998) á http:// www.snerpa.is/ net/snorri/ landnama.htm.

*Minningar Huldu Á. Stefánsdótt*ur. Æska. 2. bindi, 1986. Reykjavík.

Ólafur Gíslason, óársett. *Lýsing á Þingeyraklaustri*.

P.E. Kristian Kålund, 1986. *Íslenzkir sögustaðir III.* Norðlendingafjórðungur. Íslensk þýðing, Haraldur Matthíasson. Reykjavík..

P.V.G. Kolka, 1950. *Föðurtún*. Reykjavík.

*Úr torfbæjum inn í tækniöld 3. bindi. Bruno Schweizer*, 2003. Reykjavík.

ÞÍ. Biskupavísitasíur, Húnavatnsprófastsdæmi 1967-1968, 1994-AA/11, örk 11. Þjóðskjalasafn.

ÞÍ. Úttekta-, vísitasíu- og héraðsfundabók Húnavatnsprófastsdæmis 1925-1941, AA/13, 1927, 1929, 1949. Þjóðskjalasafn.

Þ.Í. Þingeyrar BA/6 [Prestþjónustubók 1911-1939], 1914. Þjóðskjalasafn.

Þóra Kristjánsdóttir, 2000. „Hlaðnar steinkirkjur á 19. öld“ (88-91). *Kristni á Íslandi 4. bindi.* Reykjavík.

# Minjar í gamla túninu á Þingeyrum




Kort: Bryndís Zoëga

# Fornleifaskráning

## Þingeyrar 144733 169-4



**1. Mynd. Íbúðahúsin á Þingeyrum, eldra húsið er til vinstri á mynd. Ljósmynd: BZ.**

Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 435163,236 Y: 562348,408
Ástand: Horfið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Jósef Magnússon, Gunnar Ríkharðsson.

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá Halldórs Jónssonar er bæjarstæði lýst svo: „Þingeyrarbær stendur sunnan í lágri bungu, Þingeyrabungu, norðast á Haganum. Þaðan er víðsýni mikið utan til norðurs, en þar skyggir bungan á. Tún er í allar áttir frá bænum, en hann er nálægt miðju gamla túnsins. Hóll allverklegur var framan bæjarhlaðs Bæjarhóll, og gengur frá honum Brekkubarð, Brekka, til norðausturs og stóðu þar peningshús nokkur“ (ÖHJ, 1). Í minningum Huldu Á. Stefánsdóttur segir: „Rétt norðan við pakkhúsið var stóra íbúðarhúsið, sem Jón Pálmason reisti skömmu eftir að hann kom að Þingeyrum. Vestan við það var gamla búrið, einu leifarnar at gamla bænum, eftir að nýja húsið reis. Hleðsla úr torfi og múrsteinum var utan við gamla búrið, en nú er hún líka horfin“ (HÁS, 31).

**Nánari lýsing**

Í Minningum Huldu Á. Stefánsdóttur er einnig nánari lýsing á umhverfi bæjarins: „En víðar lágu götuskorningar en eftir fallegu tröðinni suður frá bænum. Víst má telja, að Þingeyrarklaustur hafi staðið þar, sem gamli bærinn stóð, vestarlega í hó1aþyrpingu, sem umkringdi hann. Þessir miklu hólar, sem eflaust hafa allir verið gamlir öskuhaugar, settu sterkan svip á umhverfið. Skörð voru í þá til að auðvelda heimreiðina, úr hvaða átt sem komið var. Hólahringurinn umhverfis bæinn var eins konar skjó1garður, sem gerði umhverfi hans miklu hlýlegra en ella, og veitti ekki af, því að oft er vindasamt á þessum blessuðum bæ. En annað, sem vakti undir eins athygli mína, þegar komið var heim á hlaðið a Þingeyrum, voru allar göturnar, sem út frá því lágu til allra átta“ (HÁS, 31).

**Lýsing**

Gamla íbúðarhúsið á Þingeyrum eða það nyrðra stendur um það bil þar sem gamli bærinn stóð, mun þó gamli bærinn hafa náð nokkuð norðar og austar samkvæmt Gunnari Ríkharðssyni á Þingeyrum. Búið er að slétta í kringum húsið og þar með gamla bæjarhólinn. Jósef Magnússon fyrrum ábúandi á Þingeyrum telur að bærinn hafi lengi staðið á sama stað og segir að þegar grafið var fyrir eldra íbúðarhúsinu þá var komið niður á gamlar byggingar einnig benti hann á stærð og fjölda öskuhólanna þessu til stuðnings.

**Heimildaskrá**

Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.
Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 3. Húsfreyja í Húnaþingi*. Hjörtur Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Örn og Örlygur.

**Þingeyrar 144733 169-5**



**2. Mynd. Gamla kirkjustæðið. Ljósm. BZ.**

Hlutverk: Kirkja
Tegund: Heimild
Staðsetning:
X: 435166 Y: 562391
Ástand: Horfið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá Sölva Sveinssonar segir: „Þar norður af [átt er við íbúðarhúsið] gamli kirkjugarðurinn, ein dagslátta að stærð. Hann var hlaðinn úr torfi á þrjá vegu; veggirnir þrjár álnir á þykkt í botn. Sú hliðin, sem snéri að bæ var smíðuð úr tré. Í garðinum eru 14 minnismerki, sem kirkjustjórn leyfði, að færð væru saman og girt af sem næst miðju garðsins. Nú er hann að nokkru sléttaður og orðinn að túni. Þó sést þar enn fyrir kirkjurústum. Í þessum kirkjugarði eiga að vera tveir eða þrír stórir legsteinar, sem settir voru á leiði innlendra eða erlendra höfðingja. Einungis einn hefur fundist, nefnilega sá, sem var á leiði Gottrups lögmanns og klausturjarðarhaldara frá 1722” (ÖSS, 3). Jón Torfason segir í greinargerð sinni um Þingeyrar: „Þar sem gamla kirkjan stóð áður er nú kominn vatnstankur“ (ÖJT, 1). Um kirkjuna segir í Íslenzkum sögustöðum: „Eldri kirkjan hefur staðið fyrir austan bæinn í miðjum kirkjugarði og verið fremur ósjáleg torfkirkja frá upphafi aldarinnar“ (KK, 22).

**Lýsing**

Vatnstankur er þar sem kirkjan var áður, á svonefndum Vindmylluhól, norður af nýja

íbúðarhúsinu.

**Heimildaskrá**

Sölvi Sveinsson (1975). Örnefnaskrá Þingeyra, heimildamaður: Jón S. Pálmason. Örnefnastofnun Íslands.

Jón Torfason. Örstutt greinargerð um Þingeyrar, heimildarmaður: Jósep Magnússon. Örnefnastofnun Íslands.

P.E. Kristian Kålund (1986). *Íslenszkir sögustaðir III. Norðlendingafjórðungur*. Íslenzk þýðing, Haraldur Matthíasson. Reykjavík: Örn og Örlygur.

**Þingeyrar 144733 169-9**
Hlutverk: Kirkjugarður
Tegund: Heimild
Staðsetning:
X: 435166 Y: 562391
Ástand: Nánast horfið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar



**3. Mynd. Minningarmörk úr gamla kirkjugarðinum. Ljósm.BZ**

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Gamli kirkjugarðurinn, austur frá bænum, er nú sléttaður og minnismerki færð saman, en norðvestan hans eru 3 lágar, ávalar þústir, sem kallast Djáknaleiði, og er talið að þar hafi verið leiddir brotlegir kirkjuþjónar, er ekki hæfði leg í vígðri mold“ (ÖHJ, 2). Í örnefnaskrá Sölva Sveinssonar segir: „Þar norður af [átt er við íbúðarhúsið] gamli kirkjugarðurinn, ein dagslátta að stærð. Hann var hlaðinn úr torfi á þrjá vegu; veggirnir þrjár álnir á þykkt í botn. Sú hliðin, sem snéri að bæ var smíðuð úr tré. Í garðinum eru 14 minnismerki, sem kirkjustjórn leyfði, að færð væru saman og girt af sem næst miðju garðsins. Nú er hann að nokkru sléttaður og orðinn að túni. Þó sést þar enn fyrir kirkjurústum. Í þessum kirkjugarði eiga að vera tveir eða þrír stórir legsteinar, sem settir voru á leiði innlendra eða erlendra höfðingja. Einungis einn hefur fundist, nefnilega sá, sem var á leiði Gottrups lögmanns og klausturjarðarhaldara frá 1722” (ÖSS, 3). Jón Torfason segir í greinargerð sinni: „Óljóst sést marka fyrir gamla kirkjugarðinum en hann var allstór“ (ÖJT, 1). Hulda Á. Stefánsdóttir segir svo frá í Minningum sínum: „Vestan við bæinn var hóll, sem veitti honum mikið skjól í norðvestanáttinni og náði allt norður að kirkjugarðshorni, en þá tók kirkjugarðurinn við að skýla fyrir nepjunni og náði ögn vestur fyrir hólinn. Það var annar kirkjugarður en nú er í notkun á Þingeyrum, því að kirkjuna, sem þar stendur enn, lét Ásgeir Einarsson reisa, meðan hann bjó þar, á hól þar sem fegurst er útsýni. Þar hafði kirkjan ekki staðið áður, og því var gamli kirkjugarðurinn notaður áfram enn um sinn. Nokkru áður en ég kom vestur var kirkjugarðurinn hins vegar fluttur upp að kirkjunni og jafnað yfir þann gamla, eftir að sá nýi var tekinn í notkun“ (HÁS, 32).

**Lýsing**

Sléttað hefur verið yfir kirkjugarðinn og hafa legsteinar úr honum verið færðir saman og standa innan girðingar. Enn sér fyrir leiðum einkum þegar túnið er nýslegið.

**Heimildaskrá**

Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.

Sölvi Sveinsson (1975). Örnefnaskrá Þingeyra, heimildamaður: Jón S. Pálmason. Örnefnastofnun Íslands.
Jón Torfason. Örstutt greinargerð um Þingeyrar, heimildarmaður: Jósep Magnússon. Örnefnastofnun Íslands.
Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 3. Húsfreyja í Húnaþingi*. Hjörtur Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Örn og Örlygur.

**Þingeyrar 144733 169-10**
Sérheiti: Djáknaleiði
Hlutverk: Leiði
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Jósep Magnússon

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Gamli kirkjugarðurinn, austur frá bænum, er nú sléttaður og minnismerki færð saman, en norðvestan hans eru 3 lágar, ávalar þústir, sem kallast Djáknaleiði, og er talið að þar hafi verið leiddir brotlegir kirkjuþjónar, er ekki hæfði leg í vígðri mold“ (ÖHJ, 2). Í Íslenzkum sögustöðum er leiðið nefnt Munkaleiði, þar segir: „Nálægt sáluhliði er talið svonefnt Munkaleiði, [...]” (KK, 22). Jón Torfason segir: „Þess skal getið að hann [átt er við Jósep Magnússon bónda í Steinnesi] kannaðist ekki við Djáknaleiði en hafði eftir Huldu Stefánsdóttur að þar sem þau voru hafi verið kallaðar Nunnuleiði“ (ÖJT, 1). Í bókinni frásögur um fornaldarleifar er leiðanna getið og þar segir: „Haugar, edur Fornmanna Leidi eru hér hvörgi nefnd innan þessarar Sóknar Takmarka, nema utantil við svokallad Sálar Hlidid á Þíngeyra kirkjugardi eru 2 leidi grasgróin miög gömul, sem köllud eru MúnkaLeidi; enn meira þarumm vita Menn ecki“ (FF, 463).
**Lýsing**
Nunnuleiði eða munkaleiðin svokölluð voru austan við rafstöðina samkvæmt heimildamanni Jósepi Magnússyni. Nunnuleiði fundust ekki við skráningu.
**Heimildaskrá**
Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.
P.E. Kristian Kålund (1986). *Íslenszkir sögustaðir III. Norðlendingafjórðungur*. Íslenzk þýðing, Haraldur Matthíasson. Reykjavík: Örn og Örlygur.
Jón Torfason. Örstutt greinargerð um Þingeyrar, heimildarmaður: Jósep Magnússon. Örnefnastofnun Íslands.
*Frásögur um Fornaldarleifar 1817-1823, II bindi* (1983). Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.

**Þingeyrar 144733 169-11**
Sérheiti: Þingeyrarþing
Hlutverk: Þingstaður
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Hættumat: Mikil hætta vegna ábúðar

# Þingeyraþingstaður (með bæ o.fl.).




1-1. Útsléttaðar tóftir (búðir). 2. Dómhringur. 3-3. Gömul gerði og garðar. 4-4. Öskuhaugar og húsarústir. 5-5. Bæjarhús 6. Skemmur. 7-7. Traðir. 8-8. Túngarður. 9. Heygarður og fjós. 10-10. Fjárús.11-11. Nýlegar tóftir. 12-12. Sléttur. 13. Hlaðbrekka og framhald hennar. 14. Tóft sem nýlega er útsléttuð. 15. Gamall sáðgarður. 16. Kirkja. 17. Kirkjugarður. 18. Götustígur.

Endurgerð af korti Brynjúlfs Jónssonar gerð af Bryndísi Zoëga. Öftustu tölur úr raðnúmeri í fornleifaskrá hefur verið bætt inn á frummynd, þar táknar rauður skráðar minjar en grænn eru minjar sem eru horfnar eða fundust ekki, svörtu númerin eru upprunaleg númer Brynjúlfs.

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Halldórs Jónssonar segir: „Norðvestur frá Brekku kallast Norðurtún, og tekur þá við Kirkjuvöllur milli bæjar og kirkju. Á honum, norðaustur frá bænum, er dálítið hringlaga svæði, afmarkað með þúfnakransi í kring, en slétt innan hans. Þetta er Dómhringur; hann er nú friðlýstur“ (ÖHJ, 2). Í örnefnaskrá Sölva Sveinssonar segir: „Norðvestur af gamla kirkjugarðinum er gamli þingstaðurinn að því talið er. Það svæði er nú friðlýst. Sennilega er þarna dómhringur, miðjuröðin hæst hlaðin“ (ÖSS, 4). Jón Torfason segir um Dómhringinn: „Jósep kvaðst alltaf hafa látið slá Dómhringinn með orfi og ljá en eftir sína tíð hefði hann verið sleginn með vél og þá höggvist eitthvað ofan af hringnum. Menn hefðu ekki vitað að hringurinn er friðlýstur“ (ÖJT, 1). Þingstaðurinn er friðlýstur frá árinu 1931: „Allar leifar hins forna þingstaðar. Þar með „Dómhringur“, er svo heitir enn, í túninu milli núverandi kirkju og hins gamla kirkjugarðs“ (ÁÓG, 42-3). „Á þjóðveldisöld snemma var settur þar þingstaður Húnvetninga og sér hans enn merki þar sem er dómhringur - lögrétta - skammt norðaustur frá bænum, talið var og að búðarleifar væru þar skammt frá, austan undir lágri brekku“ segir í Húnaþingi (HÞ II, 320). Í Frásögum um fornaldarleifar er þessi lýsing: „Um Forna Þíngstadi etc: Fyrir Vestann Þíngeyra er sagt ad verid hafi þingstadur í Gamla Daga, enn þared Eyrarnar eru mikinpart komnar í Sand, siást þá nú eingar edur mjög litlar þíng Eptirstödvar“ (FF, 463). Sigurður Vigfússon segir í Árbók Fornleifafélagsins frá 1888-1892: „Hvergi sést fyrir neinum búðartóftum á Þingeyrum heima við né neinsstaðar út með Húnavatni. Er líklegast, að þingið hafi verið haldið á eyrinni, sem riðið er af út í Húnavatn, er norðr yfir er haldið, eða þar út með vatninu. Þar er nú alt uppblásið, enn sléttlendi. Dómhringrinn í túninu á Þingeyrum, sem kallaðr er, er nálægt 16 faðmar á annan veg, enn 13 faðmar á hinn. Mætti vera, að þar hafi verið hestarétt“ (SV, 43). Brynjúlfur Jónsson rannsakaði Þingeyrar tvisvar, fyrst árið 1894 og síðan 1905 taldi að þingstaðurinn hafi verið þar sem bærinn á Þingeyrum var síðar reistur. Brynjúlfur taldi hringlaga tóft í túni, sem Sigurður Vigfússon hafði nefnt sem hugsanlega hestarétt (1888-1892) vera dómhring og hann sá einnig tóftir í túninu sem honum þótti líkar búðartóftum á öðrum fornum þingstöðum: „En næstum þóttist jeg fá fullvissu, er jeg sá, til og frá um suður- og vesturtúnið, mikinn fjölda af stórum fornum tóftum, sem eru, sumar hverjar, allglöggvar, og merkilega líkar búðatóftum á fornum þingstöðum. Eru þær flestar nálega 8 faðma langar og 4 faðma breiðar, háar og veggjadigrar og nær fullar innan, svo að eins sjer bolla ofan í. Hinar glöggustu eru raunar ekki fleiri en 8-10; en svo eru margar óglöggvari, þó auðsjáanlega af sama tagi, en þjettara settar saman“ (BJ, 8-9). Þegar Brynjúlfur Jónsson (1905) kom að Þingeyrum 11 árum síðar hafði að mestu verið sléttað úr þeim tóftum sem áður hefur verið getið og aðeins ein tóft var eftir: „Á suðausturtúninu er nú einungis 1 tóft eftir, sem minnir á búðatóftir, t.a.m. á Þingskálum og Leiðvelli. Þó sést enn, að þar hafa verið fleiri slíkar búðir í röð. Nú eru þær aðeins útsléttaðir balar, sumir þó með laut eftir endilöngu, en á sumum sést hún ekki. Er mikið af slíkum bölum á suður- og vesturtúninu, og er auðséð að allir þeir balar eru útsléttaðar tóftir“ (BJ, 25-27).
**Nánari lýsing**
Brynjúlfur Jónsson lýsir meintum Þingstað nánar eftir rannsóknarferð sína 1905: „Hið merkilega við þær [átt er við meintar búðartóftir sem Brynjúlfur taldi sig sjá í túninu 1894] er, að þær eru allar í samanhangandi röðum. –Það er engin venja að peninghús, eða önnur hús er búum tilheyra, standi í löngum röðum á túnum. Svo er eigi heldur á Þingeyrum, þá er um þess konar hús eða þeirra tóftir er að ræða. Þar á mót er það víðast á fornum þingstöðum, að búðatóftirnar eru flestar í samhangandi röðum, og þeim röðum eru balaraðirnar á Þingeyratúni svo áþekkar að niðurskipun, að ég hika ekki við að taka þær fyrir leifar af þingbúðatóftum, meðan ekki kemur fram nein sönnun fyrir, að það sé rangt“ (BJ, 25-27).
**Lýsing**
Fátt er eftir af tóftum þeim sem Brynjúlfur Jónsson lýsir sem búðartóftum en Dómhringurinn stendur enn (144733 169-1). Þó sér á loftmynd fyrir hugsanlegum hringlaga tóftum sem gætu

hafa verið umræddar búðartóftir. Ekki fundust þær við leit á vettvangi. Hringlaga tóft er einnig undir bakkanum sem liggur til austurs frá bænum. Annað fannst ekki sem bent getur til þess að þingstaður hafi verið á Þingeyrum.

**Heimildaskrá**


Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.

Sölvi Sveinsson (1975). Örnefnaskrá Þingeyra, heimildamaður: Jón S. Pálmason. Örnefnastofnun Íslands.

Jón Torfason. Örstutt greinargerð um Þingeyrar, heimildarmaður: Jósep Magnússon. Örnefnastofnun Íslands.

*Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823 I-II bindi* (1983). Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.

Brynjúlfur Jónsson (1906). *Rannsókn í Norðurlandi sumarið 1905*. Í Árbók Hins Íslenzka Fornleifafélags 1906. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 3-27.

Brynjúlfur Jónsson (1906). *Rannsókn sögustaða í vesturhluta Húnavatnssýslu sumarið 1894*. Í Árbók Hins Íslenzka Fornleifafélags 1895. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 1-22.

Sigurður Vigfússon (1892). *Rannsóknarferð um Húnavatns og Skagafjarðarsýslur 1886*. Í Árbók Hins Íslenzka Fornleifafélags 1888-1892. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 76-123.


**Þingeyrar 144733 169-1**



**4. Mynd. Dómhringinn má sjá fyrir miðri mynd en í honum stnada hestarnir. Ljósm. GSS.**

Sérheiti: Dómhringur
Hlutverk: Garðlag
Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 435197,996 Y: 562460,458
Lengd: 27
Breidd: 30
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Friðlýst: Já

**Staðhættir**




Í örnefnaskrá Halldórs Jónssonar segir: „Norðvestur frá Brekku kallast Norðurtún, og tekur þá við Kirkjuvöllur milli bæjar og kirkju. Á honum, norðaustur frá bænum, er dálítíð hringlaga svæði, afmarkað með þúfnakransi i kring, en slétt innan hans. Þetta er Dómhringur; hann er nú friðlýstur” (ÖHJ, 2). Í örnefnaskrá Sölva Sveinssonar segir: „Norðvestur af gamla kirkjugarðinum er gamli þingstaðurinn að því talið er. Það svæði er nú friðlýst. Sennilega er þarna dómhringur, miðjuröðin hæst hlaðin“ (ÖSS, 4). Jón Torfason segir um Dómhringinn: „Jósep kvaðst alltaf hafa látið slá Dómhringinn með orfi og ljá en eftir sína tíð hefði hann verið sleginn með vél og þá höggvist eitthvað ofan af hringnum. Menn hefðu ekki vitað að hringurinn er friðlýstur“ (ÖJT, 1). Þingstaðurinn er friðlýstur frá árinu 1931: „Allar leifar hins forna þingstaðar. Þar með „Dómhringur”, er svo heitir enn, í túninu milli núverandi kirkju og hins gamla kirkjugarðs“ (ÁÓG, 42-3). „Á þjóðveldisöld snemma var settur þar þingstaður Húnvetninga og sér hans enn merki þar sem er dómhringur - lögrétta - skammt norðaustur frá bænum, talið var og að búðarleifar væru þar skammt frá, austan undir lágri brekku“ segir í Húnaþingi (HÞ II, 320). Í Frásögum um fornaldarleifar er þessi lýsing: „Um Forna Þíngstadi etc: Fyrir Vestann Þíngeyra er sagt ad verid hafi þingstadur í Gamla Daga, enn þared Eyrarnar eru mikinpart komnar í Sand, siást þá nú eingar edur mjög litlar þíng Eptirstödvar“ (FF, 463). Sigurður Vigfússon segir í Árbók Fornleifafélagsins frá 1888-1892: „Hvergi sést fyrir neinum búðartóftum á Þingeyrum heima við né neinsstaðar út með Húnavatni. Er líklegast, að þingið hafi verið haldið á eyrinni, sem riðið er af út í Húnavatn, er norðr yfir er haldið, eða þar út með vatninu. Þar er nú alt uppblásið, enn sléttlendi. Dómhringrinn í túninu á Þingeyrum, sem kallaðr er, er nálægt 16 faðmar á annan veg, enn 13 faðmar á hinn. Mætti vera, að þar hafi verið hestarétt“ (SV, 43). Brynjúlfur Jónsson rannsakaði Þingeyrar tvisvar, fyrst árið 1894 og síðan 1905 taldi að þingstaðurinn hafi verið þar sem bærinn á Þingeyrum var síðar reistur. Brynjúlfur taldi hringlaga tóft í túni, sem Sigurður Vigfússon hafði nefnt sem hugsanlega hestarétt (1888-1892) vera dómhring og hann sá einnig tóftir í túninu sem honum þótti líkar búðartóftum á öðrum fornum þingstöðum: „En næstum þóttist jeg fá fullvissu, er jeg sá, til og frá um suður- og vesturtúnið, mikinn fjölda af stórum fornum tóftum, sem eru, sumar hverjar, allglöggvar, og merkilega líkar búðatóftum á fornum þingstöðum. Eru þær flestar nálega 8 faðma langar og 4 faðma breiðar, háar og veggjadigrar og nær fullar innan, svo að eins sjer bolla ofan í. Hinar glöggustu eru raunar ekki fleiri en 8-10; en svo eru margar óglöggvari, þó auðsjáanlega af sama tagi, en þjettara settar saman“ (BJ, 8-9). Þegar Brynjúlfur Jónsson (1905) kom að Þingeyrum 11 árum síðar hafði að mestu verið sléttað úr þeim tóftum sem áður hefur verið getið og aðeins ein tóft var eftir: „Á suðausturtúninu er nú einungis 1 tóft eftir, sem minnir á búðatóftir, t.a.m. á

Þingskálum og Leiðvelli. Þó sést enn, að þar hafa verið fleiri slíkar búðir í röð. Nú eru þær aðeins útsléttaðir balar, sumir þó með laut eftir endilöngu, en á sumum sést hún ekki. Er mikið af slíkum bölum á suður- og vesturtúninu, og er auðséð að allir þeir balar eru útsléttaðar tóftir“ (BJ, 25-27).

**Nánari lýsing**

Brynjúlfur Jónsson lýsir meintum Þingstað nánar eftir rannsóknarferð sína 1905: „Hið merkilega við þær [átt er við meintar búðartóftir sem Brynjúlfur taldi sig sjá í túninu 1894] er, að þær eru allar í samanhangandi röðum. –Það er engin venja að peninghús, eða önnur hús er búum tilheyra, standi í löngum röðum á túnum. Svo er eigi heldur á Þingeyrum, þá er um þess konar hús eða þeirra tóftir er að ræða. Þar á mót er það víðast á fornum þingstöðum, að búðatóftirnar eru flestar í samhangandi röðum, og þeim röðum eru balaraðirnar á Þingeyratúni svo áþekkar að niðurskipun, að ég hika ekki við að taka þær fyrir leifar af þingbúðatóftum, meðan ekki kemur fram nein sönnun fyrir, að það sé rangt“ (BJ, 25-27).

**Lýsing**

Norðaustur af bæjarhúsum á Þingeyrum er svonefndur Dómhringur. Garðlagið er vel gróið og hefur áður verið nokkru hærra því slegið hefur verið ofan af henni. Það er nánast hringlaga um 27x30 m og virðast engar dyr vera á því. Breidd veggja er um 1,5 m. Lítil tóft, um 3x2 m að innanmáli er við garðlagið að suðaustan. Dyr hafa verið á henni og snúa þær til suðausturs.

**Heimildaskrá**

Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.

Sölvi Sveinsson (1975). Örnefnaskrá Þingeyra, heimildamaður: Jón S. Pálmason. Örnefnastofnun Íslands.

Jón Torfason. Örstutt greinargerð um Þingeyrar, heimildarmaður: Jósep Magnússon. Örnefnastofnun Íslands.

*Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823 I-II bindi* (1983). Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.

Brynjúlfur Jónsson (1906). *Rannsókn í Norðurlandi sumarið 1905*. Í Árbók Hins Íslenzka Fornleifafélags 1906. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 3-27.

Brynjúlfur Jónsson (1906). *Rannsókn sögustaða í vesturhluta Húnavatnssýslu sumarið 1894*. Í Árbók Hins Íslenzka Fornleifafélags 1895. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 1-22.

Sigurður Vigfússon (1892). *Rannsóknarferð um Húnavatns og Skagafjarðarsýslur 1886*. Í Árbók Hins Íslenzka Fornleifafélags 1888-1892. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 76-123.

**Þingeyrar 144733 169-7**

Hlutverk: Túngarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning:
X: 435319,823
Y: 562508,951
Lengd: 469 m
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

**Staðhættir**

Í frásögum um fornaldarleifar segir: „Kríngumm mikinn Part af Þíngejra Túni er tvöfaldur Túngarður, hér umm 2 Fadmar á millum þeirra, sínist hafa verid til þess ad geima þarí 2 edur 3 Hesta til forna ef miög kinni áliggia ad taka til þeirra“ (FF, 468).



**5. Mynd. Guðmundur Sigurðarson skráir túngarð. Horft er til suðausturs. Ljósm. BZ.**

**Lýsing**
Gamla túngarðinn má greina á tveimur stöðum: annars vegar liggur hann í boga til suðausturs frá kirkjunni og endar við útihúsatóftir (Ystuhús) alls um 159 m langur. Hann er einnig greinanlegur í túninu norðvestan við íbúðarhúsið á Þingeyrum þar sem hann liggur í boga frá norðausturhorni túnsins og til suðausturs í átt að heimreiðinni og hesthúsunum um 310 m að lengd (435045,480/562375,321). Lág bunga er það eina sem sést á yfirborði og aðeins hægt að koma auga á hann þegar tún er nýslegið.

**Heimildaskrá**

*Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823 I-II bindi* (1983). Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.

**Þingeyrar 144733 169-8**
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 435230,407 Y: 562558, 496
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Halldórs Jónssonar segir: „Suðvestur frá bænum var Valhöll og sunnan hins gamla túngarðs Réttarhús ásamt Rétt“ (ÖHJ, 1). Í Minningum Huldu Á. Stefánsdóttur segir: „Mest af Þingeyrartúninu var norðan við kirkjugarðinn, þegar ég man fyrst eftir. Því hallaði öllu frá vestri til austurs. Endaði það í allbrattri brekku rétt neðan við norðaustur, og náði hún frá kirkjugarðshorninu að austan og út að gömlum og grónum vallargarði“ (HÁS, 32). Í frásögum um fornaldarleifar segir: „Kríngumm mikinn Part af Þíngejra Túni er tvöfaldur Túngarður, hér umm 2 Fadmar á millum þeirra, sínist hafa verid til þess ad geima þarí 2 edur 3 Hesta til forna ef miög kinni áliggia ad taka til þeirra“ (FF, 468).

**Lýsing**
Tveir túngarðar eru í túninu austan við kirkjuna. Annar liggur til austurs frá eystri kirkjugarðsvegg. Hann er um 300 m langur og liggur fram á brekkubrúnina tæplega 25 m norðan við Ystuhús. Austurendi garðs er nokkuð ógreinilegri og rofnar á tveimur stöðum rétt við brekkubrúnina. Mesta breidd garðsins er 2,5 m.

**Heimildaskrá**

Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.
Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 3. Húsfreyja í Húnaþingi*. Hjörtur Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Örn og Örlygur.
*Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823 I-II bindi* (1983). Sveinbjörn Rafnsson bjó til

prentunar. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.

**Þingeyrar 144733 169-12**
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Dældir
Staðsetning:
X: 435253
Y: 562408
Lengd: 35
Breidd: 55
Ástand: Gott
Hættumat:
Mikil hætta
Hættuorsök:
Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Norðaustur af bænum er hóll og á honum nokkrar dældir.



**6. Mynd. Dældir í túni. Ljósm. BZ.**

**Lýsing**
Dældirnar eru allar svipaðar að stærð um 3,5x 3,5 m að ummáli. Hóllinn sjálfur er um 35x55 m að ummáli. Ekki vissu heimildamenn hvað þarna hafi staðið en vel gæti verið að þarna hefðu verið útihús eða jafnvel búðartóftir sem Brynjúlfur Jónsson nefnir.

**Þingeyrar 144733 169-13**
Hlutverk: Heimreið
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Sölva Sveinssonar segir: „Mikil heimreið var að Þingeyrabæ. Sagt er, að sex menn hafi getað riðið hana hlið við hlið, hver með tvo til reiðar“ (ÖSS, 3). Í örnefnaskrá Halldórs Jónssonar segir: „Suður frá Kirkjuvelli er Suðurtún. Um það, til bæjar, lá fyrrum tröð allbreið með hlöðnum kömpum allháum beggja vegna; hennar sér nú engan stað“ (ÖHJ, 2).

**Nánari lýsing**
Nánari lýsingu á heimreiðinni eða tröðinni má finna í Minningum Huldu Á. Stefánsdóttur: „Þegar komið var heima að túnhliðinu, blasti við sjónum tröð, sem nú er horfin en heimildir eru fyrir, að hafði verið þar lengi og var svo breið, að þar gátu riðið sex til sjö menn

samhliða. Fallega hlaðnir háir og grasigrónir traðarbakkar eða- veggir sitt hvorum megin settu svip á heimreiðina – að ógleymdum litlu hryggjunum, sem mynduðust á milli götuskorninganna í tröðinni og voru oft, ef vel viðraði á sumrin, þaktir hvítum og þriflegum hjartarfablómum, sem glitruðu fagurlega í morgundögginni. Þessir hryggir minntu þá á götur, en látlaust blómabönd eftir endilangri heimreiðinni og breyttu miklu um svip hennar" (HÁS, 30).

**Lýsing**

Heimreiðin liggur nú þar sem traðirnar voru áður og sér þeirra ekki merki.

**Heimildaskrá**

Sölvi Sveinsson (1975). Örnefnaskrá Þingeyra, heimildamaður: Jón S. Pálmason. Örnefnastofnun Íslands.

Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.

Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 3. Húsfreyja í Húnaþingi*. Hjörtur Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Örn og Örlygur.

**Þingeyrar 144733 169-14**

Hlutverk: Öskuhaugur
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Jósep Magnússon

**Staðhættir**

Í Minningum Huldu Á. Stefánsdóttur segir: „Þá er að minnast á göturnar, sem lágu í austur af hlaðinu. Öskuhóll, stór og mikill, var austan við það. Norðan við hann voru djúpir troðningar, og lá sá vegur niður að kvísl. Hafði Jón látið gera upphlaðinn veg allt frá túnfæti og niður að ánni. Skurðir voru beggja megin við veginn og svo víða í mýrinni, því að fljótlega var byrjað að þurrka hana fyrir neðan túnið og stækka það þannig til þeirrar áttar" (HÁS, 33). Síðar segir: „Öskuhóllinn stór, sem fyrr var nefndur, náði suður að þessu hesthúsi við fallegu tröðina og stóð fyrir sínu" (HÁS, 33).

**Nánari lýsing**

Nánari lýsing er á hólnum í Minningum Huldu: „Hann [átt er við hólinn] var mikill um sig, fallegur og grasi gróinn nema að norðan, þar sem stórt gímald var í honum. Þangað var farið með alla ösku og rusl frá bænum og skolpinu einnig hellt í hólinn. En það var svo skrítið, að það var eins og hann gleypti allt án þess að mikið bæri á því, og norðan og austan við gímaldið var feiknamikill gróður og fjölskrúðugur, sem breiddi yfir allan ófögnuðinn. Man ég eftir stórvöxnu kisugrasi, sem ég hef hvergi séð annar staðar; það lét ekki að sér hæða. Og svo óx þarna sóley og gleymmérei, og allar þessar jurtir virtust una vel hag sínum í gamla öskuhólnum á Þingeyrum" (HÁS, 33-4). Jón Torfason segir í greinargerð sinni um Þingeyrar: „Umhverfis forna bæjarstæðið voru stórir öskuhaugar á þrjá vegu. Nú er aðeins einn eftir og segir Jósep að ekki þurfi nema lítið að róta í honum, þá sé strax komið í ösku" (ÖJT, 1).

**Lýsing**

Öskuhóll stóð þar sem nýja húsið er núna og var ýtt út eitthvað um eða eftir 1940 samkvæmt heimildamanni Jósepi Magnússyni í Steinnesi.

**Heimildaskrá**

Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 3. Húsfreyja í Húnaþingi*. Hjörtur Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Jón Torfason. Örstutt greinargerð um Þingeyrar, heimildarmaður: Jósep Magnússon. Örnefnastofnun Íslands.

**Þingeyrar 144733 169-15**
Hlutverk: Öskuhaugur
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Sölva Sveinssonar segir: „Í gamla túninu eru miklar rústir og þar má sitt hvað finna, t.d. eru í öskuhaug gamlir múrsteinar“ (ÖSS, 3). Jón Torfason segir í greinargerð sinni um Þingeyrar: „Umhverfis forna bæjarstæðið voru stórir öskuhaugar á þrjá vegu. Nú er aðeins einn eftir og segir Jósep að ekki þurfi nema lítið að róta í honum, þá sé strax komið í ösku“ (ÖJT, 1).
**Heimildaskrá**
Sölvi Sveinsson (1975). Örnefnaskrá Þingeyra, heimildamaður: Jón S. Pálmason. Örnefnastofnun Íslands.
Jón Torfason. Örstutt greinargerð um Þingeyrar, heimildarmaður: Jósep Magnússon. Örnefnastofnun Íslands.

**Þingeyrar 144733 169-16**



**7. Mynd. Leifar gamla öskuhólsins. Ljósm. BZ.**

Sérheiti: Eldhúshóll
Hlutverk: Öskuhaugur
Tegund: Hóll
Staðsetning: X: 435157 Y: 562372
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Fyrrgreindan hól vestan við bæinn heyrði ég nefndan Eldhúshól. Hefur hann sjálfsagt fengið nafn af því, að þangað hefur verið styst að bera öskuna úr gamla bænum, þar sem eldhúsið var vestast í húsaröðinni. Hefur það eflaust verið gert í áraraðir, en þessi hóll var fallegur í lögun og fyrir löngu orðinn grasi gróinn“(HÁS, 32). Jón Torfason segir í greinargerð sinni um Þingeyrar: „Umhverfis forna bæjarstæðið voru stórir öskuhaugar á þrjá vegu. Nú er aðeins einn eftir og segir Jósep að ekki þurfi nema lítið að róta í honum, þá sé strax komið í ösku“ (ÖJT, 1).
**Lýsing**
Norðvestur af íbúðarhúsinu á Þingeyrum eru nokkrir hólar, líklega leifar Eldhúshólsins. Þar er nokkur trjágróður og framan þeirra hefur verið settur niður heitapottur.
**Heimildaskrá**
Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 3. Húsfreyja í Húnaþingi.*

Hjörtur Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Örn og Örlygur.
Jón Torfason. Örstutt greinargerð um Þingeyrar, heimildarmaður: Jósep Magnússon. Örnefnastofnun Íslands.

**Þingeyrar 144733 169-17**
Hlutverk: Hesthús
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Jósep Magnússon

**Staðhættir**
Í Minningum Huldu Á. Stefánsdóttur segir: „Þá er komið var heim á hlað, sunnan tröðina, voru hesthús austan við traðarendann, en vestar og litlu norðar var hjallur og pakkhús sambyggt“ (HÁS, 31).
**Lýsing**
Samkvæmt Jósepi Magnússyni segir að hesthús og heygarður hafi verið austanvert við traðarendann þar sem að eldra íbúðarhúsið stendur. Dyr hafa snúið mót öskuhólnum.
**Heimildaskrá**
Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 3. Húsfreyja í Húnaþingi*. Hjörtur Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Örn og Örlygur.

**Þingeyrar 144733 169-18**
Hlutverk: Hjallur/Pakkhús
Tegund: Heimild
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Jósep Magnússon

**Staðhættir**
Í Minningum Huldu Á. Stefánsdóttur segir: „Þá er komið var heim á hlað, sunnan tröðina, voru hesthús austan við traðarendann, en vestar og litlu norðar var hjallur og pakkhús sambyggt“ (HÁS, 31).
**Lýsing**
Hjallurinn og pakkhúsið hafa verið rifin og þar er nú allt sléttað og sér hverfi fyrir húsum.
**Heimildaskrá**
Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 3. Húsfreyja í Húnaþingi*. Hjörtur Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Örn og Örlygur.

**Þingeyrar 144733 169-19**
Hlutverk: Búr
Tegund: Heimild
Hættuorsök: Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Í Minningum Huldu Á. Stefánsdóttur segir: „Rétt norðan við pakkhúsið [nr.12] var stóra íbúðarhúsið, sem Jón Pálmason reisti skömmu eftir að hann kom að Þingeyrum. Vestan við það var gamalt búr, einu leifarnar af gamla bænum, eftir að nýja húsið reis. Hleðsla úr torfi og múrsteini var utan við gamla búrið, en nú er hún líka horfin“ (HÁS, 31).
**Lýsing**
Allar leifar gamla bæjarins eru nú horfnar og sléttað hefur verið yfir.
**Heimildaskrá**

Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 3. Húsfreyja í Húnaþingi*. Hjörtur Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Örn og Örlygur.

**Þingeyrar 144733 169-20**
Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
Í Minningum Huldu Á. Stefánsdóttur segir: „Hár og fallegur hóll var sunnan við hjallinn. Sunnan í hólnum var gamalt garðstæði, sem ég hressti fljótlega upp á, og þar ræktaði ég kartöflur og alls konar grænmeti mér til yndisauka og búdrýginda öll árin, sem ég átti heima á Þingeyrum“ (HÁS, 31).
**Lýsing**
Ekkert sér til matjurtagarðarins í dag.
**Heimildaskrá**
Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 3. Húsfreyja í Húnaþingi*. Hjörtur Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Örn og Örlygur.
**Þingeyrar 144733 169-21**
Sérheiti: Smiðjuhóll
Hlutverk: Smiðja
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Jósep Magnússon

**Staðhættir**
Í Minningum Huldu Á. Stefánsdóttur segir: „Norðan við þennan hól [sjá nr. 14] var annar minni, sem kallaður var Smiðjuhóll. Á honum var tóftarbrot, og eftir nafninu að dæma hefur þar líklega einhvern tíma staðið smiðja. Þetta tóftarbrot var mjög vinsælt meðal barna á Þingeyrum. Þar var skjól og gott undir bú þeirra. Dáðist ég oft að því, hve vel þau undu sér þar við búskapinn með horn sín, leggi og skeljar. Á vetrum var hóllinn tilvalin til skíða- og sleðabrekka, og á hlýjum sumardögum notuðu krakkarnir lautina sunnan í honum til þess að sóla sig í“ (HÁS, 31).
**Lýsing**
Samkvæmt Jósepi Magnússyni var smiðja vestan við bæinn og nokkru norðar. Það er fyrir löngu rifið og sléttað yfir.
**Heimildaskrá**
Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur*, *3. Húsfreyja í Húnaþingi*. Hjörtur Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Örn og Örlygur.

**Þingeyrar 144733 169-22**
Sérheiti: Smiðjuhóll
Hlutverk: Leikvöllur
Tegund: Heimild
Hættuorsök: Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Í Minningum Huldu Á. Stefánsdóttur segir: „Norðan við þennan hól [sjá nr. ??] var annar minni, sem kallaður var Smiðjuhóll. Á honum var tóftarbrot, og eftir nafninu að dæma hefur þar líklega einhvern tíma staðið smiðja. Þetta tóftarbrot var mjög vinsælt meðal barna á

Þingeyrum. Þar var skjól og gott undir bú þeirra. Dáðist ég oft að því, hve vel þau undu sér þar við búskapinn með horn sín, leggi og skeljar. Á vetrum var hóllinn tilvalin skíða- og sleðabrekka, og á hlýjum sumardögum notuðu krakkarnir lautina sunnan í honum til þess að sóla sig í“ (HÁS, 31).

**Lýsing**

Samkvæmt Jóapi Magnússyni var smiðja vestan við bæinn og nokkru norðar. Það er fyrir löngu rifið og sléttað yfir.

**Heimildaskrá**

Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 3. Húsfreyja í Húnaþingi*. Hjörtur Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Örn og Örlygur.

**Þingeyrar 144733 169-23**

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Jósep Magnússon

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Mikil heimreið var að Þingeyrabæ. Sagt er, að sex menn hafi getað riðið hana hlið við hlið, hver með tvo til reiðar. Meðfram henni að vestanverðu voru tvær raðir hlaðinna smáhóla. Vísast eru þeir frá klausturhaldi og sumir fræðimenn segja þá vera leyfar munkasella. Rústir sem þessar eru víðar í túni“ (ÖHJ, 3-4). Í Minningum Huldu Á. Stefánsdóttur segir: „Þá erum við komin að tröðinni aftur. Fyrir austan hana voru tvö lítil og hringmynduð tóftarbrot, sem helst mátti ætla, að væru frá tímum klaustursins, en rétt fyrir sunnan þau stóðu gömul og hrörleg fjárhús, sem hýstu um 60 kindur og höfðu frá fornu fari borið nafnið Valhöll, þótt ekki væru þau reisuleg“ (HÁS, 34).

**Lýsing**

Ekki fundust tóftir þessar við leit en mundi Jósep Magnússon vel eftir þeim en Gunnar Ríkharðsson kannaðist ekki við þær.

**Heimildaskrá**

Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.
Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 3. Húsfreyja í Húnaþingi*. Hjörtur Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Örn og Örlygur.

**Þingeyrar 144733 169-131**

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Jósep Magnússon

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Mikil heimreið var að Þingeyrabæ. Sagt er, að sex menn hafi getað riðið hana hlið við hlið, hver með tvo til reiðar. Meðfram henni að vestanverðu voru tvær raðir hlaðinna smáhóla. Vísast eru þeir frá klausturhaldi og sumir fræðimenn segja þá vera leyfar munkasella. Rústir sem þessar eru víðar í túni“ (ÖHJ, 3-4). Í Minningum Huldu Á. Stefánsdóttur segir: „Þá erum við komin að tröðinni aftur. Fyrir austan hana voru tvö lítil og hringmynduð tóftarbrot, sem helst mátti ætla, að væru frá tímum klaustursins, en rétt fyrir

sunnan þau stóðu gömul og hrörleg fjárhús, sem hýstu um 60 kindur og höfðu frá fornu fari borið nafnið Valhöll, þótt ekki væru þau reisuleg“ (HÁS, 34).

**Lýsing**

Ekki fundust tóftir þessar við leit en mundi Jósep Magnússon vel eftir þeim en Gunnar Ríkharðsson kannaðist ekki við þær.

**Heimildaskrá**

Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.
Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 3. Húsfreyja í Húnaþingi*. Hjörtur Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Örn og Örlygur.

**Þingeyrar 144733 169-24**

Sérheiti: Skíthöll
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Jósep Magnússon

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá Halldórs Jónssonar segir: „Hóll allverklegur var framan bæjarhlaðs, Bæjarhóll, og gengur frá honum brekkubarð, Brekka, til norðausturs og stóðu þar peningshús nokkur. Nyrst voru Yztuhús, þá Hermannshús, sennilega kennd við Hermann Jónasson, skólastjóra, sem átti Þingeyrar um aldamót (G.S.M. eftir H.J. 29.4 ´76) síðan Stórhús og loks Fjós n[orð]a[ustan] hins Gamla kirkjugarðs. Suðvestur frá bænum var Valhöll og sunnan hins gamla túngarðs Réttarhús ásamt Rétt. Heima við hlað voru svo Skíthöll og Grúthöll. Nú hafa öll peningshús verið færð saman og standa á grunni Valhallar, en litlu sunnar er áhalda- og geymsluhús, er ber hið veglega nafn Herkúles“ (ÖHJ, 1).

**Lýsing**

Skíthöll var kamar staðarins. Samkvæmt Jósepi Magnússyni stóðu Grúthöll og Skíthöll norðarlega á hlaðinu nálægt smiðjunni, kannski aðeins vestar. Þau eru nú horfin og sér ekkert til þeirra.

**Heimildaskrá**

Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.

**Þingeyrar 144733 169-25**

Sérheiti: Grúthöll
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Jósep Magnússon

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá Halldórs Jónssonar segir: „Hóll allverklegur var framan bæjarhlaðs, Bæjarhóll, og gengur frá honum brekkubarð, Brekka, til norðausturs og stóðu þar peningshús nokkur. Nyrst voru Yztuhús, þá Hermannshús, sennilega kennd við Hermann Jónasson, skólastjóra, sem átti Þingeyrar um aldamót (G.S.M. eftir H.J. 29.4 ´76) síðan Stórhús og loks Fjós n[orð]a[ustan] hins Gamla kirkjugarðs. Suðvestur frá bænum var Valhöll og sunnan hins gamla túngarðs Réttarhús ásamt Rétt. Heima við hlað voru svo Skíthöll og Grúthöll. Nú hafa öll peningshús verið færð saman og standa á grunni Valhallar, en litlu sunnar er áhalda- og geymsluhús, er ber hið veglega nafn Herkúles“ (ÖHJ, 1). Jón Torfason segir um Grúthöll: „Jósep sagði mér að Grúthöll hefði verið hús þar sem selaafurðirnar voru unnar og selspikið

geymt. Þar af sé nafnið dregið“ (ÖJT, 1).
**Lýsing**
Grúthöll var bræðsla tengd selveiðum. Samkvæmt Jósepi Magnússyni stóðu Grúthöll og Skíthöll norðarlega á hlaðinu nálægt smiðjunni, kannski aðeins vestar. Þau eru nú horfin og sér ekkert til þeirra.
**Heimildaskrá**
Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.
Jón Torfason. Örstutt greinargerð um Þingeyrar, heimildarmaður: Jósep Magnússon. Örnefnastofnun Íslands.

**Þingeyrar 144733 169-26**
Hlutverk: Hesthús
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Jósep Magnússon

**Staðhættir**
Í Minningum Huldu Á. Stefánsdóttur segir: „Stórt hesthús var byggt efst á nýja túninu, fyrir um 80 hross. Öskuhóllinn stór, sem fyrr var nefndur [nr. ??], náði suður að þessu hesthúsi við fallegu tröðina og stóð fyrir sínu“ (HÁS, 33). [Getur það verið nr. 4, sunnan við öskuhólana]
**Lýsing**
Samkvæmt Jósepi Magnússyni mun þetta vera hesthús Jóns Pálmasonar byggt 1917 eða 1918 og hýst gat 80 hross. Húsið hefur verið rifið og sér þess ekki merki.
**Heimildaskrá**
Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 3. Húsfreyja í Húnaþingi*. Hjörtur Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Örn og Örlygur.

**Þingeyrar 144733 169-27**
Sérheiti: Ystuhús
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 435437,309 Y: 562561,866
Lengd: 18
Breidd: 34
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Halldórs Jónssonar segir: „Höll allverklegur var framan bæjarhlaðs, Bæjarhóll, og gengur frá honum brekkubarð, Brekka, til norðausturs og stóðu þar peningshús nokkur. Nyrst voru Yztuhús“ (ÖHJ, 1). Í Minningum Huldu Á. Stefánsdóttur segir um



**8. Mynd. Guðmundur Sigurðarson skráir Ystuhús. Horft er til suðausturs. Ljósm. BZ.**

Ystuhús: „Næst fyrir norðan fjósið hafði Jón látið byggja sæmileg fjárhús, sem nefnd voru Stóruhús. Þau tók um 100 fjár. Skammt þaðan stóðu Hermannshús, sem tóku 60 kindur og voru hér um bil sokkin í jörðu. Nyrst voru svo Ystuhús, fyrir um 300 fjár. Hafði Jón byggt þau strax eftir að hann kom að Þingeyrum“ (HÁS, 33).

**Lýsing**

Beint austur af kirkjunni, neðst og austast í túni eru tóftir þrefaldra fjárhúsa. Til norðurs eru fjárhús með 2 görðum um það bil 1 m breiðum. Einn garði er í húsinu í miðið. Síðan eru fjárhús með 2 görðum. Hlöður virðast vera á bakvið öll húsin. Hæð veggja er um 140 sm að utan. Veggir eru 2ja m breiðir og vel stöndugir, þó aðeins teknir að falla. Dyr eru á tóftinni og snúa til austurs.

**Heimildaskrá**

Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.

**Þingeyrar 144733 169-28**

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 435434,321 Y: 562517,633
Lengd: 3
Breidd: 4
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

**Staðhættir**

Um 19 m suður af fjárhúsunum (144733 169-27) eru hugsanlegar leifar tóftar eða einhverskonar garðlags.

**Lýsing**

Garðurinn er um 3x4 að utanmáli og liggur í útjaðri túnsins ofan „hlaðbrekkunnar“. Þar sunnan af er lágur hóll þar sem líklegt er að einhvers konar mannvirki hafi staðið en ekki eru á honum greinileg mannvirkjalög en dæld er í hólinn 3x4 að innanmáli. Svæðið er í heild um 9x9 m að ummáli.

**Þingeyrar 144733 169-29**

Sérheiti: Hermannshús
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Tóft
Staðsetning:
X: 435403,360
Y: 562482,874
Lengd: 19
Breidd: 9
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök:Vegna ábúðar



**9. Mynd. Hermannshús lengst til hægri. Ljósm. GSS.**

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá Halldórs Jónssonar segir: „Hóll allverklegur var framan bæjarhlaðs, Bæjarhóll, og

gengur frá honum brekkubarð, Brekka, til norðausturs og stóðu þar peningshús nokkur. Nyrst voru Yztuhús, þá Hermannshús, sennilega kennd við Hermann Jónasson, skólastjóra, sem átti Þingeyrar um aldamót (G.S.M. eftir H.J. 29.4 ´76)“ (ÖHJ, 1). Í Minningum Huldu Á. Stefánsdóttur segir um Hermannshús: „Næst fyrir norðan fjósið hafði Jón látið byggja sæmileg fjárhús, sem nefnd voru Stóruhús. Þau tók um 100 fjár. Skammt þaðan stóðu Hermannshús, sem tóku 60 kindur og voru hér um bil sokkin í jörðu“ (HÁS, 33).

**Lýsing**

Tæpum 50 m sunnan við (144733 169-28) eru tóftir, líklega fjárhúsa. Eftirstandandi eru mjög lágir veggir. Gróðurskil eru við tóftina en gras þar er nokkuð dekkra en umhverfis. Sneitt hefur verið af tóftunum til norðvesturs. Útveggir eru afar óljósin er 1 milliveggur er greinilegur, 1 m breiður. Hæð er um 10-15 sm. Ummál tófta er 9x19 m Austan við tóftina er svæði þar sem einnig eru nokkur gróðurskil en ekki sjást nein greinileg veggjalög.

**Heimildaskrá**

Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.

Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 3. Húsfreyja í Húnaþingi*. Hjörtur Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Örn og Örlygur.

**Þingeyrar 144733 169-30**

Sérheiti: Stórhús/Stóruhús
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 435371,295 Y: 562437,656
Lengd: 10
Breidd: 17
Ástand: Lélegt/Horfið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá Halldórs Jónssonar segir: „Hóll allverklegur var framan bæjarhlaðs, Bæjarhóll, og gengur frá honum brekkubarð, Brekka, til norðausturs og stóðu þar peningshús nokkur. Nyrst voru Yztuhús, þá Hermannshús, sennilega kennd við Hermann Jónasson, skólastjóra, sem átti Þingeyrar um aldamót (G.S.M. eftir H.J. 29.4 ´76) síðan Stórhús“ (ÖHJ, 1). Í Minningum Huldu Á. Stefánsdóttur segir um Stóruhús eða Stórhús: „Næst fyrir norðan fjósið hafði Jón látið byggja sæmileg fjárhús, sem nefnd voru Stóruhús. Þau tók um 100 fjár” (HÁS, 33).

**Lýsing**

Sunnan við fjárhústóftina, fremst á brekkubrún, er hóll, vel gróinn, þar sem líklegt er að tóftir hafi staðið en annaðhvort hefur verið yfir þær sléttað eða þær sokknar í gras, en engin veggjalög verða greind. (Þar endar gamli túngarðurinn).

**Heimildaskrá**

Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.

**Þingeyrar 144733 169-31**

Hlutverk: Fjós/fjárhús
Tegund: Tóft
Staðsetning:
X: 435303,528
Y: 562400,845

Lengd: 23
Breidd: 16
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

**Staðhættir**



**10. Mynd. Fjós eða fjárhústóftir í Þingeyratúni.. Ljósm. BZ.**

Í örnefnaskrá Halldórs Jónssonar segir: „Hóll allverklegur var framan bæjarhlaðs, Bæjarhóll, og gengur frá honum brekkubarð, Brekka, til norðausturs og stóðu þar peningshús nokkur. Nyrst voru Yztuhús, þá Hermannshús, sennilega kennd við Hermann Jónasson, skólastjóra, sem átti Þingeyrar um aldamót (G.S.M. eftir H.J. 29.4 ´76) síðan Stórhús og loks Fjós n[orð]a[ustan] hins Gamla kirkjugarðs“ (ÖHJ, 1). Í Minningum Huldu Á. Stefánsdóttur segir um fjósið: „Rétt ofan við brekkubrúnina stóðu peningshúsin. Fjósið var syðst, aðeins norðan við kirkjugarðinn. Í því voru 10 básar. Það var orðið mjög hrörlegt og ég átti bágt með að vita af blessuðum kúnum í svo dimmri og lélegri vistarveru, en húnvetnsku bændurnir höfðu ekki dálæti á kúm, þegar ég kynntist þeim fyrst“ (HÁS, 33). Suðaustur af kirkjunni og norðaustur af bænum eru tóftir fjóss.

**Lýsing**

Tóftin er mjög gróin og þak og veggir eru hrundir og erfitt er að átta sig á veggjalögum. Norðvestan við húsið er vel greinileg hlaða 8,5x4 að utanmáli. Hóllinn sjálfur er 23x16 m. Inni í húsunum er eins og steyptir garðar um 12 m langir þó sést aðeins í hluta þeirra en yfir þá er hrunið. Veggir virðast vera að mestu úr torfi en þakið hefur verið úr timbri en torfklætt. Fallið þakið fyllir tóftina að stórum hluta og því er erfitt að greina innveggi. Vatnsrör er fremst í tóftinni og hefur því líklega verið þar rennandi vatn. Dyr snúa mót suðaustri. Breidd veggja er um 2 m.

**Heimildaskrá**

Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.
Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 3. Húsfreyja í Húnaþingi*. Hjörtur Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Örn og Örlygur.

**Þingeyrar 144733 169-32**

Sérheiti: Valhöll
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

Heimildamaður: Jósep Magnússon

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Halldórs Jónssonar segir: „Hóll allverklegur var framan bæjarhlaðs, Bæjarhóll, og gengur frá honum brekkubarð, Brekka, til norðausturs og stóðu þar peningshús nokkur. Nyrst voru Yztuhús, þá Hermannshús, sennilega kennd við Hermann Jónasson, skólastjóra, sem átti Þingeyrar um aldamót (G.S.M. eftir H.J. 29.4 ´76) síðan Stórhús og loks Fjós n[orð]a[ustan] hins Gamla kirkjugarðs. Suðvestur frá bænum var Valhöll og sunnan hins gamla túngarðs Réttarhús ásamt Rétt“ (ÖHJ, 1). Í Minningum Huldu Á. Stefánsdóttur segir um Valhöll: „Þá erum við komin að tröðinni aftur. Fyrir austan hana voru tvö lítil og hringmynduð tóftarbrot, sem helst mátti ætla, að væru frá tímum klaustursins, en rétt fyrir sunnan þau stóðu gömul og hrörleg fjárhús, sem hýstu um 60 kindur og höfðu frá fornu fari borið nafnið Valhöll, þótt ekki væru þau reisuleg“ (HÁS, 34).
**Lýsing**
Valhöll stóð þar sem fjárhús og önnur útihús eru núna samkvæmt heimildamanni.
**Heimildaskrá**
Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.
Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 3. Húsfreyja í Húnaþingi*. Hjörtur Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Örn og Örlygur.

**Þingeyrar 144733 169-33**
Sérheiti: Réttarhús
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Jósep Magnússon

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Halldórs Jónssonar segir: „Hóll allverklegur var framan bæjarhlaðs, Bæjarhóll, og gengur frá honum brekkubarð, Brekka, til norðausturs og stóðu þar peningshús nokkur. Nyrst voru Yztuhús, þá Hermannshús, sennilega kennd við Hermann Jónasson, skólastjóra, sem átti Þingeyrar um aldamót (G.S.M. eftir H.J. 29.4 ´76) síðan Stórhús og loks Fjós n[orð]a[ustan] hins Gamla kirkjugarðs. Suðvestur frá bænum var Valhöll og sunnan hins gamla túngarðs Réttarhús ásamt Rétt“ (ÖHJ, 1). Í Minningum Huldu Á. Stefánsdóttur segir um Réttarhúsin: „Stutt vestan við það [Átt er við Valhöll nr. 144733 169-32] var stór fjár- og hestarétt, sem Jón hafði byggt, og áföst við hana að sunnan Réttarhúsin svokölluðu, sem hýstu um 100 fjár. Það voru þau, sem veittu okkur heimafólki skjól í rúma tvo mánuði eftir brunann, sem síðar segir frá“ (HÁS, 34).
**Lýsing**
Réttin og Réttarhúsin hafa verið rifin en stóðu þar sem útihúsin eru enn í dag.
**Heimildaskrá**
Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.
Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 3. Húsfreyja í Húnaþingi*. Hjörtur Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Örn og Örlygur.

**Þingeyrar 144733 169-34**
Hlutverk: Rétt
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Jósep Magnússon

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Halldórs Jónssonar segir: „Hóll allverklegur var framan bæjarhlaðs, Bæjarhóll, og gengur frá honum brekkubarð, Brekka, til norðausturs og stóðu þar peningshús nokkur. Nyrst voru Yztuhús, þá Hermannshús, sennilega kennd við Hermann Jónasson, skólastjóra, sem átti Þingeyrar um aldamót (G.S.M. eftir H.J. 29.4 ´76) síðan Stórhús og loks Fjós n[orð]a[ustan] hins Gamla kirkjugarðs. Suðvestur frá bænum var Valhöll og sunnan hins gamla túngarðs Réttarhús ásamt Rétt“ (ÖHJ, 1)
**Lýsing**
Réttin og Réttarhúsin hafa verið rifin en stóðu þar sem útihúsin eru enn í dag.
**Heimildaskrá**
Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.

**Þingeyrar 144733 169-110**
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Dæld
Staðsetning: X: 435022,594 Y: 562409,906
Ástand: Nánast horfið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Ávöl bunga eða hryggur liggur til vesturs frá íbúðarhúsinu á Þingeyrum og við vesturenda hennar er eru dældir og hugsanlega er þarna um að ræða gömul gerði og garða sem skráð eru á korti Brynjúlfs Jónssonar. Bungan er hluti af túninu og sést móta fyrir bungunum þegar tún er nýslegið, hún liggur upp við gamla túngarðinn að austanverðu.
**Heimildaskrá**
Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.
Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 3. Húsfreyja í Húnaþingi*. Hjörtur Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Örn og Örlygur.
**Þingeyrar 144733 169-35**
Hlutverk: Gerði
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Jósep Magnússon

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Á hábungunni [Þingeyrabungu] er mannvirki nokkurt nafnlaust. Það er ferhyrnt gerði, nokkuð sléttara en umhverfið og með breytilegra graslagi, gæti verið fornt akurgerði, frá dögum Gottrups“ (ÖHJ, 4).
**Lýsing**
Gerði fannst ekki við leit og Jósep Magnússon fyrrum ábúandi þekkti ekki til þess.
**Heimildaskrá**
Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.

**Þingeyrar 144733 169-36**
Hlutverk: Búðir/Óþekkt
Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 435253,613 Y: 562339,989
Lengd: 10
Breidd: 10
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Halldórs Jónssonar segir: „Sunnar undir Brekkunni [sem liggur út frá Bæjarhól], þar sem hún sveigir til vesturs og skýlla er, var talið, að mótað hefði fyrir búðarústum" (ÖHJ, 2).
**Lýsing**
Undir brekkunni sem liggur til austurs frá bænum er hálfhringlaga tóft, 10x10 m að ummáli, líklega er þarna um að ræða eina af búðartóftunum sem Brynjúlfur Jónsson lýsir. Mikill njóli er í tóftinni sem er á flatlendinu undir brekkunni. Hola er í miðju tóftar, ekki alveg hringlaga, dýpst um það bil 15-20 sm.
**Heimildaskrá**
Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.

**Þingeyrar 144733 169-37**
Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning:
X: 435276,614
Y: 562363,490
Lengd: 14
Breidd: 19
Ástand:Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar


**11. Mynd. Leifar matjurtagarða. Ljósm. BZ.**

**Staðhættir**
Í Minningum Huldu Á. Stefánsdóttur segir: „Fyrir neðan fjósið og Stóruhúsin var heill njólaskógur, sennilega leifar af gömlum kálgörðum [...] Aldrei hef ég getað fengið neina skýringu á því, hvernig á njólanum stóð, en stundum datt mér í hug, að þarna hefðu verið garðarnir hans Gottrups lögmanns, sem ég heyrði talað um" (HÁS, 33).
Frá bænum til norðausturs liggur brekka sem kölluð er „Brekkubarð". Ofan við brekkuna er að finna útihúsin sem áður eru skráð en neðan hennar og í brekkunni eru einnig nokkrar minjar.
**Lýsing**
Neðan undir brekkunni er njólavaxið svæði og gæti verið það sem Hulda Á. Stefánsdóttir talar um sem hugsanlega garða Lárusar Gottrup en njólagróður bendir oft til mannvistarleifa. Um það verður þó ekkert fullyrt. Í brekkunni er garðlag sem hugsanlega hefur verið utan um matjurtagarð 14x19 m að utanmáli.
**Heimildaskrá**
Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 3. Húsfreyja í Húnaþingi*. Hjörtur Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Örn og Örlygur.

**Þingeyrar 144733 169-38**
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garðlag
Staðsetning:
X: 435288,795
Y: 562375,887
Lengd: 11
Breidd: 10
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar



**12. Mynd. Matjurtagarðar. Ljósm. BZ.**

**Staðhættir**
Frá bænum til norðausturs liggur brekka sem kölluð er „Brekkubarð“. Ofan við brekkuna er að finna útihúsin sem áður eru skráð en neðan hennar og í brekkunni eru einnig nokkrar minjar.
**Lýsing**
Ofarlega í brekkunni er 11x10 m svæði við girðinguna, að mestu austan hennar. Á norðausturenda sér ofan á grjóthleðslu. Svæðið virðist nokkuð afmarkað og gæti hugsanlega hafa verið matjurtagarður. Í því er bæði njóli og arfi. Nokkur slík garðlög liggja niður brekkuna og gætu verið hlutar af matjurtagörðum Lárusar Gottrup eins og Hulda Á. Stefánsdóttir nefnir (sjá 144733 169-37).

**Þingeyrar 144733 169-39**
Hlutverk: Garður
Tegund: Garðlag
Staðsetning:
X: 435327,387
Y: 562382,463
Lengd: 86
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar



**13. Mynd. Leifar garðs undir Brekkubarði. Ljósm. BZ.**

**Staðhættir**
Frá bænum til norðausturs liggur brekka sem kölluð er „Brekkubarð“. Ofan við brekkuna er að finna útihúsin sem áður eru skráð en neðan hennar og í brekkunni eru einnig nokkrar minjar.
**Lýsing**
Undir brekkunni og meðfram henni liggur garður, hugsanlega hluti af gamla túngarðinum.

Garðurinn er gróinn um 20 sm hár og rúmlega 1 m breiður og um 86 m langur.

**Þingeyrar 144733 169-40**
Hlutverk: Leið
Tegund: Vegur
Staðsetning: X: 435347,492 Y: 562407,041
Lengd: 48
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Frá bænum til norðausturs liggur brekka sem kölluð er „Brekkubarð". Ofan við brekkuna er að finna útihúsin sem áður eru skráð en neðan hennar og í brekkunni eru einnig nokkrar minjar.
**Lýsing**
Slóði liggur niður brekkuna austur af fjósinu. Líklegt er að um sé að ræða sama slóða og merktur er nr. 18 á korti Brynjúlfs Jónssonar.

**Þingeyrar 144733 169-41**
Hlutverk: Vatnsveita
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Heimildamaður: Jósep Magnússon

**Staðhættir**
Í óútgefnu riti Jóns Torfasonar segir: „Samkvæmt frásögn frá fyrri hluta 18. aldar lét Lárus Gottrup lögmaður, sem lengi bjó á Þingeyrum, leiða vatn nálægt staðarhúsunum með ræsi og byggja sérstakt hús yfir það. Hann á að hafa ætlað sér að leiða vatni þannig alveg heim að bæ og láta setja þar niður vatnspóst en þar eð bæjarhúsin stóðu hærra en lindin, og mikla vinnu þurfti til verksins, dróst það úr hömlu og eftir að hann dó varð ekkert úr frekari framkvæmdum. En hundrað árum síðar sáust þó enn einhverjar menjar um þessa vatnsveitutilraun þar sem voru niðurgrafnir vatnsstokkar. En ekki vissu menn þá hve langt þeir lágu" (JT, 2). Í Frásögum um fornaldarleifar: „[...], item er mikilvægt Fornmanna Verk þar vid Vatnsbólid, sem er Lind [er þetta sama og Lindin?], sem kémur frammundan Túninu, siást liggia i Jördunni Vatns Stockar holir, menn halda ej einúngis gengum Túnid, heldur og upp í Ásin (:sem kallast Búnga:) fyrir utann og ofann Þíngeira, hvar þeir gömlu Tummsvalir stóðu, úr hvörra landi Þíngejrar biggdust, edur ebldust mestpart" (FF, 468).
**Lýsing**
Engin merki fundust á vettvangi um vatnsveitu þessa og kannaðist Jósep Magnússon ekki við slíkar minjar.
**Heimildaskrá**
Jón Torfason. *Þingeyrar*, óprentað handrit.
*Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823 I-II bindi* (1983). Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.

**Þingeyrar 144733 169-42**
Hlutverk: Lind
Tegund: Heimild
Staðsetning:
X: 435409,473
Y: 562408,250
Ástand: Í notkun



**14. Mynd. Vatnsbólið, horft er til austurs. Ljósm. BZ.**

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Halldórs Jónssonar segir: „Neðan við miðja brekku sprettur upp dálítið Lind, sem jafnan hefir verið aðalvatnsból heimilisins“ (ÖHJ, 2). Í minningum Huldu Á. Stefánsdóttur segir: „Vatnsból var afar erfitt á bænum; allt vatn varð að bera heim úr brunni fyrir neðan Öskuhólinn eða sækja í lind æði langan spöl frá bænum. Hún var neðan undir brekkunni. Oft var erfitt að koma vatninu þaðan heim, einkum að vetrinum, því einatt fennti yfir lindina“ (HÁS, 32).
**Lýsing**
Vatn er enn tekið úr gömlu lindinni.
**Heimildaskrá**
Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.
Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 3. Húsfreyja í Húnaþingi*. Hjörtur Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Örn og Örlygur.

**Þingeyrar 144733 169-43**
Sérheiti: Gvendarbrunnur
Hlutverk: Lind
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Halldórs Jónssonar segir: „Norður frá Lind, neðan Brekku, er túnræma, er kallast Skinnastaðarófa; bendir það til frásláttar. Um miðja Rófuna er lítið uppsprettuauga, er Gvendarbrunnur heitir. Munnmæli segja að Guðmundur góði hafi vígt hann og sé vatnið hollt“ (ÖHJ, 2). Hulda Á. Stefánsdóttir segir í Minningum sínum um brunninn: „Nokkru fyrir utan lindina, neðan við túnið, var önnur uppspretta. Það var Gvendarbrunnur, vígður af Guðmundi góða. Heyrt hef ég, að búið sé að grafa skurð gegnum brunninn. Átrúnaðurinn á Gvendarbrunninum á Þingeyrum virðist því vera úr sögunni, og ég sakna þess að vita ekki lengur af honum á sínum stað” (HÁS, 32).
**Nánari lýsing**
Hulda Á. Stefánsdóttir segir einnig: „Þangað var vatn sótt, ef einhver var veikur; gamla fólkið trúði á hollustu vatnsins þar. Á fyrstu árum mínum kom fyrir, að fólk af næstu bæjum fengi vatn úr brunninum sér til heilsubótar, en nú er sú tíð að baki, og líklega er hann ekki sú heilsulind, sem hann var í gamla daga“ (HÁS, 32).

**Lýsing**
Búið er að ræsa gamla Gvendarbrunninn fram og ekki sjást lengur nein merki um hann.
**Heimildaskrá**
Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.
Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 3. Húsfreyja í Húnaþingi*. Hjörtur Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Örn og Örlygur.

**Þingeyrar 144733 169-44**



**15. Mynd. Tóftahóll norður af Þingeyrum. Ljósm. GSS.**

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning:
X: 435478,179
Y: 562742,472
Lengd: 7
Breidd: 10
Ástand: Lélegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Norður af Ystuhúsum um það bil 120 m er hóll um 7x10 m að utanmáli, nokkuð rofinn. Hann er lágur en sker sig úr umhverfinu og gæti verið að þarna hafi einhver mannvirki verið.

**Þingeyrar 144733 169-45**
Hlutverk: Leið
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
**Staðhættir**
Í Minningum Huldu Á. Stefánsdóttur segir: „En víðar lágu götuskorningar en eftir fallegu tröðinni suður frá bænum. Víst má telja, að Þingeyraklaustur hafi staðið, þar sem gamli bærinn stóð, vestarlega í hólaþyrpingu, sem umkringdi hann. Þessir miklu hólar, sem eflaust hafa allir verið gamlir öskuhaugar, settu sterkan svip á umhverfið. Skörð voru í þá til þess að auðvelda heimreiðina, úr hvaða átt sem komið var. Hólahringurinn umhverfis bæinn var eins konar skjólgarður, sem gerði umhverfi hans miklu hlýlegra en ella, og veitti ekki af, því að oft er vindasamt á þessum blessuðum bæ. En annað, sem vakti undir eins athygli mína, þegar komið var heim á hlaðið á Þingeyrum, voru allar göturnar, sem út frá því lágu til allra átta“ (HÁS, 31). Síðar segir Hulda: „Fremst á brekkubrúninni, austan við húsin, lágu götur meðfram þeim út að túnhliði, sem var rétt fyrir utan Ystuhús. Styst var að fara þær götur, ef ríða átti Húnavatn“ (HÁS, 33).
**Lýsing**
Nú sér ekki fyrir leið þessari en slegið er meðfram brekkubrúninni en á meðfylgjandi korti Fornar leiðir og nýjar má sjá hvar göturnar hafa legið.
**Heimildaskrá**

Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 3. Húsfreyja í Húnaþingi*. Hjörtur Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Örn og Örlygur.

**Þingeyrar 144733 169-46**
Hlutverk: Leið
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í Minningum Huldu Á. Stefánsdóttur segir: „En víðar lágu götuskorningar en eftir fallegu tröðinni suður frá bænum. Víst má telja, að Þingeyraklaustur hafi staðið, þar sem gamli bærinn stóð, vestarlega í hólaþyrpingu, sem umkringdi hann. Þessir miklu hólar, sem eflaust hafa allir verið gamlir öskuhaugar, settu sterkan svip á umhverfið. Skörð voru í þá til þess að auðvelda heimreiðina, úr hvaða átt sem komið var. Hólahringurinn umhverfis bæinn var eins konar skjólgarður, sem gerði umhverfi hans miklu hlýlegra en ella, og veitti ekki af, því að oft er vindasamt á þessum blessuðum bæ. En annað, sem vakti unir eins athygli mína, þegar komið var heim á hlaðið á Þingeyrum, voru allar göturnar, sem út frá því lágu til allra átta“ (HÁS, 31). Og síðar segir: „Enn einn fallegur hóll var fyrir norðan Smiðjuhólinn, en sund á milli þeirra, og þar lágu göturnar vestur túnið. Þótti það stytta leiðina, þegar farið var út í Þingeyrasand eða vestur í Bjargaós“ (HÁS, 31).
**Lýsing**
Þarna hefur allt verið sléttað og þar er nú tún.
**Heimildaskrá**
Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 3. Húsfreyja í Húnaþingi*. Hjörtur Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Örn og Örlygur.

**Þingeyrar 144733 169-47**
Hlutverk: Leið
Tegund: Vegur
Staðsetning:
X: 435227,743
Y: 562335,780
Lengd: 33
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Í Minningum Huldu Á. Stefánsdóttur segir: „En víðar lágu götuskorningar en eftir fallegu tröðinni suður frá bænum. Víst má telja, að Þingeyraklaustur hafi staðið, þar sem gamli bærinn stóð, vestarlega í hólaþyrpingu, sem umkringdi hann. Þessir miklu hólar, sem eflaust hafa allir verið gamlir öskuhaugar, settu sterkan svip á umhverfið. Skörð voru í þá til þess að auðvelda heimreiðina, úr hvaða átt sem komið var. Hólahringurinn umhverfis bæinn var eins konar skjólgarður, sem gerði umhverfi hans miklu hlýlegra en ella, og veitti ekki af, því að oft er vindasamt á þessum blessuðum bæ. En annað, sem vakti unir eins athygli mína, þegar komið var heim á hlaðið á Þingeyrum, voru allar göturnar, sem út frá því lágu til allra átta“ (HÁS, 31). Og síðar segir: „Þá er að minnast á göturnar, sem lágu í austur af hlaðinu. Öskuhóll, stór og mikill, var austan við það. Norðan við hann voru djúpir troðningar, og lá sá vegur niður að kvísl. Hafði Jón látið gera upphlaðinn veg allt frá túnfæti og niður að ánni. Skurðir voru beggja megin við veginn og svo víða í mýrinni, því að fljótlega var byrjað að

þurrka hana fyrir neðan túnið og stækka það þannig til þeirrar áttar“ (HÁS, 33).

**Lýsing**

Til norðvesturs frá íbúðarhúsinu liggur tröð, upphlaðin milli tveggja skurða u.þ.b. 2,5 m á breidd. Hún heldur áfram neðan við svokallað Brekkubarð.

**Heimildaskrá**

Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 3. Húsfreyja í Húnaþingi*. Hjörtur Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Örn og Örlygur.



**16. Mynd. Upphlaðinn vegaslóði, horft er til norðausturs. Ljósm. BZ.**

**Þingeyrar 144733 169-48**
Hlutverk: Leið
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Í Minningum Huldu Á. Stefánsdóttur segir: „Ég hef minnst á það áður, að fjósgatan á Þingeyrum gat verið erfið yfirferðar á vetrum, einkum ef svellað var í brekkunni austan við kirkjugarðinn, sem var brött og allhá. Þessi fjósgata hafði verið farin frá öndverðu að sagt var, en á henni ver engin breyting gerð þrátt fyrir augljósar hættur, sem henni fylgdu“ (HÁS, 59).

**Lýsing**

Ekkert sér til gömlu fjósgötunnar en þarna eru nú sléttuð tún. En þess ber að geta að slóði var skráður í austur átt frá fjósinu, niður brekkuna til austurs (Brekkubarðið) (144733 169-40).

**Heimildaskrá**

Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 3. Húsfreyja í Húnaþingi*. Hjörtur Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Örn og Örlygur.

**Þingeyrar 144733 169-49**
Hlutverk: Leið
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna áfoks, jarðvegseyðingar

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá Sölva Sveinssonar segir: „Aðalvegur úr Vestur-Húnavatnssýslu lá um Veiðihvamm vestan Hóps og yfir Þingeyrarsand og Húnavatn. Greinilega hefur umferð verið geysimikil“ (ÖSS, 4). Í Föðurtúni eftir Pál Kolka segir: „Áður var allfjölfarin leið vestur Þingeyrarsand, yfir Bjargós innanverðan, upp Björgin í Vaðhvammi og niður þau að vestan

eftir Biskupsgötu“ (PVK, 338).

**Heimildaskrá**

Sölvi Sveinsson (1975). Örnefnaskrá Þingeyra, heimildamaður: Jón S. Pálmason. Örnefnastofnun Íslands.

P.V.G. Kolka (1950). *Föðurtún*. Reykjavík: P.V.G. Kolka.

**Þingeyrar 144733 169-67**

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegna áfoks

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Inn af Reka vestanveðum, sunnan Fornaóss, er Varpið. Þar var fyrrum mesta svartbaksvarpið. Nokkru innan við Varpið liggja slóðir þær, sem farnar voru frá Þingeyrum, meðan veiði var stunduð þaðan í Bjargaós, og einnig þeim, er ferðuðust milli norðurhluta Austur- og Vestur-Húnavatnssýslna. Slóðirnar liggja eftir malarrifi, og fast við þær að norðan er stakur gígur, Jarpsgígur. Þar var talið hálfnað frá Þingeyrum í Vaðhvamm og oft áð, en þungfært var löngum um Sandinn með vagna, er laxinn var fluttur heim. Vestarlega á Sandinum liggja slóðirnar gegnum hólaþyrpingu; kallast þar Þröngahlið, en þá taka við sléttir sandar til Bjargaóss, og vatnar yfir þá við stórstrauma“ (ÖHJ, 6-7).

**Lýsing**

Þarna gæti átt við sömu götur og skráðar eru númer 144733 169-49. Göturnar voru ekki skráðar á vettvangi en hlutu þeirra teiknaður inn á meðfylgjandi kort merkt Fornar leiðir og nýjar.

**Heimildaskrá**

Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.

**Þingeyrar 144733 169-50**

Sérheiti: Engjavegur

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegna ábúðar

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá Halldórs Jónssonar segir: „Austur frá gamla túninu liggja nýræktir og um þær upphlaðinn vegur, Engjavegur“ (ÖHJ, 2).

**Heimildaskrá**

Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.

**Þingeyrar 144733 169-51**

Sérheiti: Háugötur

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Heimildamaður: Jósep Magnússon

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Er vestur kemur á sýsluveg, norðaustan í bungunni, heita Háugötur, en litlu norðar lækkar bungan og þá einnig göturnar“ (ÖHJ, 5).
**Lýsing**
.Háugötur voru ekki skráðar á vettvangi en göturnar sjást á loftmynd og með aðstoð heimildamanns var unnt að teikna hluta þeirra inn á meðfylgjandirt nefnt Fornar leiðir og nýjar.
**Heimildaskrá**
Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.

**Þingeyrar 144733 169-52**
Hlutverk: Járnvinnsla
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Jósep Magnússon

**Staðhættir**
„... item finnst Merki til Raudasmidiu í Þíngejra Sandi“ (FF, 463) og síðar segir „Vid Nr 2 er nefnt Merki til raudasmidiu í Þingeyjra Sandi, þar finnast Steinahrúgur, stórt Giall hefur þar og fundist, þar nálægt hafdi verið Kot í fornöld, ad nafni Danmörk, til hvört nú sést ej Merki“ (FF, 468).
**Lýsing**
Engin merki fundust um járnvinnslu og man heimildamaður ekki eftir að talað hafi verið um járnvinnslu þar.
**Heimildaskrá**
*Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823 I-II bindi* (1983). Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Reykjavík

**Þingeyrar 144733 169-53**
Sérheiti: Danmörk
Hlutverk: Býli
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
„... item finnst Merki til Raudasmidiu í Þíngejra Sandi“ (FF, 463) og síðar segir „Vid Nr 2 er nefnt Merki til raudasmidiu í Þingeyjra Sandi, þar finnast Steinahrúgur, stórt Giall hefur þar og fundist, þar nálægt hafdi verið Kot í fornöld, ad nafni Danmörk, til hvört nú sést ej Merki“ (FF, 468).
**Lýsing**
Ekki fundust nein merki um býlið Danmörku.
**Heimildaskrá**
*Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823 I-II bindi* (1983). Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Reykjavík

**Þingeyrar 144733 169-2**
Sérheiti: Trumbsalir/Trumbsvalir
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Tóftaþyrping
Staðsetning: X: 434772,263 Y: 563035,251

Lengd: 21
Breidd: 25
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar
Friðlýst: Já

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Sölva Sveinssonar segir: „Norðvestur frá kirkju er gamall túngarður og bæjarrústir. Sýnilega hefur verið þarna nokkurt bú, um það ber stærð túnsins vitni. Þarna heita Trumsvalir, heitið er hið sama og í Jarðabók Árna” (ÖSS, 4). Halldór Jónsson segir í örnefnaskrá: „Vestan í bungunni er eyðibýlið Trumbsvalir. Þar hefir verið allstórt tún og verulegar rústaleifar, en ekki hefir skrásetjara tekizt að grafa upp neinar sagnir þar um. Geta má, að Páll Kolka telur, að Þorkell trandill hafi búið á Þingeyrum fyrir klaustur“ (ÖHJ, 5). Tóftirnar hafa verið friðlýstar frá 1931: „Túngirðing fór þar er „Trumsvalir” heita vestaní holti því, sem Þingeyrarbær stendur sunnaní“ (ÁÓG, 43). Kristian Kålund kallar býlið Þrymsali og um það segir: „Sagt er að bærinn á Þingeyrum hafi fyrst staðið nokkru norðvestar, þar sem heita Þrymsalir, og eru þar tóftir og girðingar“ (KK, 22). Í bókinni í Föðurtúni segir: „Nokkrar hjáleigur voru á Haganum. Af Trumbsölum hjá Þingeyrum, Steinholti suður af Haga og Litlu-Sveinsstöðum geymist ekki annað en nafnið og óljós vegsummerki, en í Steinneskoti var búið á síðustu öld“ (PK, 227). Í jarðabók Árna og Páls segir orðrétt: „Trumsaler eður Trumbsaler heitir í þíngeyraklausturs heimalandi, norðvestur frá klaustrinu; þar eru stórar girðíngar, so sem túnstæði, og tóftaleifar nokkrar innangerðis. Segja so munnmæli að hjer hafi klaustrið í öndverðu staðið“ (JÁM, 250). Í Frásögum um fornaldarleifar: „[...], item er mikilvægt Fornmanna Verk þar vid Vatnsbólid, sem er Lind [er þetta sama og Lindin?], sem kémur frammundan Túninu, siást liggia i Jördunni Vatns Stockar holir, menn halda ej einúngis gengum Túnid, heldur og upp í Ásin (:sem kallast Búnga:) fyrir utann og ofann Þíngeira, hvar þeir gömlu Tummsvalir stóðu, úr hvörra landi Þíngejrar biggdust, edur ebldust mestpart“ (FF, 468).
**Lýsing**
Um 50 m vestur af túngarðinum og um 90 m norðvestur af tóftum (144733 169-55) er brekkustallur, og í honum óljósar tóftarleifar. Ummál svæðisins er 25x21 m. Ekki er hægt að gera sér grein fyrir útliti þeirra vegna mikils gróður en þarna gæti hafa verið bæjarhús eða nokkrir kofar. Gróður er svipaður og í umhverfinu, mikill puntur svolítill mosi og vallhumall. En auk þess töluvert af sóleyjum sem ekki er mikið af annars staðar.
**Heimildaskrá**

Sölvi Sveinsson (1975). Örnefnaskrá Þingeyra, heimildamaður: Jón S. Pálmason. Örnefnastofnun Íslands.
Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.
*Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar* (1990). Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík: Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands.
P.V.G. Kolka (1950). *Föðurtún*. Reykjavík: P.V.G. Kolka.
Árni Magnússon og Páll Vídalín (1926). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, áttunda bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag.
*Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823 I-II bindi* (1983). Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.


**Þingeyrar 144733 169-54**
Sérheiti: Trumbsalir/Trumbsvalir
Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 434906,018   Y: 562987,422
Lengd: 285 m
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar



**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Sölva Sveinssonar segir: „Norðvestur frá kirkju er gamall túngarður og bæjarrústir. Sýnilega hefur verið þarna nokkurt bú, um það ver stærð túnsins vitni. Þarna heita Trumsvalir, heitið er hið sama og í Jarðabók Árna“ (ÖSS, 4). Halldór Jónsson segir í örnefnaskrá: „Vestan í bungunni er eyðibýlið Trumbsvalir. Þar hefir verið allstórt tún og verulegar rústaleifar, en ekki hefir skrásetjara tekizt að grafa upp neinar sagnir þar um. Geta má, að Páll Kolka telur, að Þorkell trandill hafi búið á Þingeyrum fyrir klaustur“ (ÖHJ, 5). Tóftirnar hafa verið friðlýstar frá 1931: „Túngirðing fór þar er „Trumsvalir“ heita vestaní holti því, sem Þingeyrarbær stendur sunnaní“ (ÁÓG, 43). Kristian Kålund kallar býlið Þrymsali og um það segir: „Sagt er að bærinn á Þingeyrum hafi fyrst staðið nokkru norðvestar, þar sem heita Þrymsalir, og eru þar tóftir og girðingar“ (KK, 22). Í jarðabók Árna og Páls segir orðrétt: „Trumsaler eður Trumbsaler heitir í þíngeyraklausturs heimalandi, norðvestur frá klaustrinu; þar eru stórar girðíngar, so sem túnstæði, og tóftaleifar nokkrar innangerðis. Segja so munnmæli að hjer hafi klaustrið í öndverðu staðið“ (JÁM, 250).
**Lýsing**
Að minnsta kosti þrenn garðlög eru á Trumbsvölum og eru tvö þeirra lengri líklega hluti sama túngarðsins. Nyrst er 118 m langur garður sem liggur norður/suður, vel gróinn og nokkuð greinilegur.
434841,782/563079,744
Austur af þessu garðlagi er annar hluti garðsins nokkuð lengri en sá fyrri. Hann liggur norðvestri til suðausturs rúmlega 90 m og beygir þar til suðvesturs um 77 m. Garðurinn er vel gróinn. Mestur er hann um 2m á þykkt og allt að 50cm á hæð, jarðsokkinn.
434906,018/562979,914
**Heimildaskrá**

Sölvi Sveinsson (1975). Örnefnaskrá Þingeyra, heimildamaður: Jón S. Pálmason. Örnefnastofnun Íslands.
Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.
*Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar* (1990). Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík: Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands.
Árni Magnússon og Páll Vídalín (1926). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, áttunda bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag.


**Þingeyrar 144733 169-55**
Sérheiti: Trumbsalir/Trumbsvalir
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóftaþyrping
Staðsetning: X:434870,855 Y: 562997,095
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Vestan við túngarðinn eru tvær tóftir á svolitlum hólrana sem gengur út frá garðinum. Stærri tóftin liggur norðar.
**Lýsing**
Nyrðri tóftin stendur ofar og er 2,5x3 m að innanmáli og liggur norður/suður. Engar dyr eru greinanlegar. Minni tóftin er 1x2 m niðurgrafin milli tóftarinnar og lítils hólkolls á enda ranans. Hún liggur austur/vestur opin til austurs. Við suðurenda hólranans liggur óljóst garðlag í stuttan sveig upp til austurs, mjög óljóst. Annar garður gengur út frá hólrananum, frá vesturenda litlu tóftarinnar, í beina línu niður hallann til vesturs. Hólraninn er grasi vaxinn

og nokkuð grænni en umhverfið, þó er í honum nokkur mosi og vallhumall. Austan (ofan) hólsins eru rofnar þúfur og mólendi, en vestan (neðan) hans sléttara og mestmegnis puntur. Veggir tóftanna eru um 1 m að breidd og ekki meira en 30-40 sm háir, hólraninn er þó allt að 1-1,5 m hærri en umhverfið.

**Þingeyrar 144733 169-56**
Sérheiti: Trumbsalir/Trumbsvalir
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóftaþyrping
Staðsetning: X: 434871,122 Y: 562992,469
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Vestan við túngarðinn eru tvær tóftir á svolitlum hólrana sem gengur út frá garðinum. Minni tóftin liggur sunnar.
**Lýsing**
Nyrðri tóftin stendur ofar og er 2,5x3 m að innanmáli og liggur norður/suður. Engin hurð er greinanleg. Minni tóftin er 1x2 m niðurgrafin milli tóftarinnar og lítils hólkolls á enda ranans. Hún liggur austur/vestur opin til austurs. Við suðurenda hólranans liggur óljóst garðlag í stuttan sveig upp til austurs, mjög óljóst. Annar garður gengur út frá hólrananum, frá vesturenda litlu tóftarinnar, í beina línu niður hallann til vesturs. Hólraninn er grasi vaxinn og nokkuð grænni en umhverfið, þó er í honum nokkur mosi og vallhumall. Austan (ofan) hólsins eru rofnar þúfur og mólendi, en vestan (neðan) hans sléttara og mestmegnis puntur. Veggir tóftanna eru um 1 m að breidd og ekki meira en 30-40 sm háir, hólraninn er þó allt að 1-1,5 m hærri en umhverfið.

**Þingeyrar 144733 169-57**
Sérheiti: Trumbsalir/Trumbsvalir
Hlutverk: Garður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 434849,847 Y: 562987,422
Lengd: 34
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Vestan við túngarðinn eru tvær tóftir á svolitlum hólrana sem gengur út frá garðinum.
**Lýsing**
Garðlag liggur til vesturs frá tóftunum. Garðurinn er vel gróinn og 34 m á lengd.

**Þingeyrar 144733 169-133**
Sérheiti: Trumbsalir/Trumbsvalir
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 434870,422 Y: 562927,912
Lengd: 14
Breidd: 23

Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Syðst innan túngarðs á Trumbsvölum eru tvær tóftir.
**Lýsing**
Austari tóftin er líklega útihúsatóft, tvískipt og opin til vesturs. Hún er vel gróin, veggjabreidd mest um 2 m og hæð um 40 sm. Utanmál tóftar er 14x23 m.

**Þingeyrar 144733 169-134**
Sérheiti: Trumbsalir/Trumbsvalir
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 434870,422 Y: 562927,912
Lengd: 14
Breidd: 23
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Syðst innan túngarðs á Trumbsvölum eru tvær tóftir.
**Lýsing**
Vestari tóftin er hugsanlega réttartóft og er hlið á henni til norðvesturs. Tóftin er vel gróin og er hæð veggja er 20-40 sm og breidd þeirra 1-2 m.

**Þingeyrar 144733 169-135**
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Hugsanleg tóft
Staðsetning: X: 435188,974 Y: 563889,024
Lengd: 10
Breidd: 7
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Um 80 m suður af syðri girðingu á Geirastöðum og um 1,4 km norður af kirkjunni á Þingeyrum, er lágur hóll um 5x5 að utanmáli.
**Lýsing**
Hóllinn er gúanógrænn og vel þýfður en sker sig að nokkru úr landslaginu. Engin veggjalög eru greinanleg en útlit og litur virðist benda til þess að þarna sé um mannvistarleifar að ræða.

**Þingeyrar 144733 169-3**
Sérheiti: Stígandahróf/Ingimundarhróf/
Búðatangi
Hlutverk: Naust
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 435837,799

Y: 563496,564
Lengd: 14
Breidd: 8
Ástand: Ágætt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ágangs sjávar
Friðlýst: Já




**Staðhættir**

Stígandahrófar er fyrst getið í Landnámu þar sem segir: „Ingimundur fann beru og húna tvo hvíta á Húnavatni. Eftir það fór hann utan og gaf Haraldi konungi dýrin; ekki höfðu menn í Noregi áður séð hvítabjörnu. Þá gaf Haraldur konungur Ingimundi skip með viðarfarmi, og sigldi hann tveim skipum fyrir norðan land fyrstur manna fyrir Skaga og hélt upp í Húnavatn; þar er Stígandahróf hjá Þingeyrum“ (Landnáma, 1998).

Í örnefnaskrá Sölva Sveinssonar segir: „Litlu norðar en Bræðrahólmi [144733 169-69] er Ingimundarhróf við Húnavatn. Þar lagði Ingimundur gamli skipi sínu þá er hann kom til landsins í öndverðu. Á þessum tanga hafa verið búðir og dregur hann nafn af rústum þeirra, Búðatangi” (ÖSS, 2). Halldór Jónsson nefnir búðirnar Stígandahróf: „Á merkjum Þingeyra og Geirastaða er Búðartangi. Hann er allstór og harðlendur; vottar þar fyrir rústum nokkrum, sem heita Stígandahróf, og er mælt að þar hafi Ingimundur gamli ráðið Stíganda til hlunns“ (ÖHJ, 5). Jón Torfason segir: „Búðartangi dregur nafn af búðum fornmanna enda er Stígandahróf þar á” (ÖJT, 1). Tóftirnar eru friðlýstar frá árinu 1931 og segir í skrá um friðlýstar fornleifar: „Stígandahróf“, svo kallað; það er við Húnavatn á dálítlu nesi, er gengur út í vatnið litlu sunnar en gegnt bænum Akri“ (ÁÓG, 43). Í Íslenszkum sögustöðum segir: „Norðaustan við bæinn á bakka Húnavatns er enn talið að Stígandahróf sé, það lítur út eins og grasi gróin aflöng allstór tóft af nausti“ (KK, 21). Í Frásögum um fornaldarleifar segir: „[...]; Stíganda hróf má og siást vestan til við Húnavatnsós, sem er aflangt Tóptarform grasivaxid, med Gardlagi umm kríng“ (FF, 464) og síðar segir: „Nálægt Stíganda Hrófi vid Húnavatnsós finnast ogso fleiri fornar Skipnausta Tóptir“ (FF, 468).

**Lýsing**

Tóftin liggur fremst á grónu nesi við Húnavatn. Hún er um 13x8 m að utanmáli, veggjaþykkt mest um 2m og hæð um 40 cm. Veggirnir eru mjög grónir og jarðsokknir en greinilegt er að opið hefur verið til norðausturs út að vatninu sem styður það að þetta sé tóft af nausti. Þó kann eitthvað að hafa brotnað framan af tóftinni þar sem að hún liggur fremst á bakka við vatnið.

**Heimildaskrá**

Landnámabók (Sturlubók) (desember 1998). Skoðað í október 2004 á http://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm.

Sölvi Sveinsson (1975). Örnefnaskrá Þingeyra, heimildamaður: Jón S. Pálmason. Örnefnastofnun Íslands.

Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.

Jón Torfason. Örstutt greinargerð um Þingeyrar, heimildarmaður: Jósep Magnússon. Örnefnastofnun Íslands.

*Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar* (1990). Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík: Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands.

P.E. Kristian Kålund (1986). *Íslenszkir sögustaðir III. Norðlendingafjórðungur*. Íslenzk þýðing, Haraldur Matthíasson. Reykjavík: Örn og Örlygur.
*Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823 I-II bindi* (1983). Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.

**Þingeyrar 144733 169-58**
Hlutverk: Naust
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 435699,835   Y: 562658,447
Lengd: 11
Breidd: 8
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna nálægðar við vatnsfall.




**Staðhættir**
Niðri við Vatnsdalsá, tæplega 220 m austur af austari enda túngarðsins á Þingeyrum er tóft, hugsanlega naust.
**Lýsing**
Tóftin liggur alveg við vesturbakka árinnar. Hún er tvöföld, vel gróin og ekki sér í grjót. Mesta breidd veggja er um 3 m og hæð þeirra 60-100 sm og er utanmál tóftar 11x8 m. Tóftirnar hafa verið opnar mót austri út að ánni.

**Þingeyrar 144733 169-59**




Hlutverk: Naust
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 435768,044   Y: 563025,495
Lengd: 4
Breidd: 5
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

**Staðhættir**
Niður við Vesturdalsá, rúmlega 500 m norðaustur af austurenda túngarðsins, vestur af litlum hólma er hugsanleg tóft.
**Lýsing**
Mjög þýft er í kringum hana og virðast vera veggjalög en nokkuð óljós. Ummál tóftar er 4x5 m. Innanmál er 1x3 m. Hæð veggja er um 60 sm og breidd þeirra frá 1 – 1,2 m. Ekki er hægt að greina hvort dyr hafi verið á tóftinni eða hvort hún hefur verið alveg opin til suðurs.

**Þingeyrar 144733 169-60**
Sérheiti: Stekkur
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft

Staðsetning:
X: 435650,395
Y: 561507,370
Lengd: 16
Breidd: 11
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar




**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Sölva Sveinssonar segir: „Í túnjaðri núverandi túns eru tóttir, kallaðar Stekkur“ (ÖSS, 3). Stekkur er við svonefnda Landengja-kvísl á mörkum Leysingjastaða og Þingeyra.
**Lýsing**
Tóftin er tvöföld, líklega með lambakró til austnorðausturs og lítil rétt eða nátthagi er við tóftina til suðausturs. Tóftin liggur norðvestur/suðaustur. Stærri króin er nokkuð dýpri u.þ.b. 50-60 sm en í lambakrónni er veggjahæð frá gólfi um 30 sm. Ummál tóftar er 11x16 m. Dyr virðast vera á milli króa og dyr líklega til suðausturs út í réttina/nátthagann. Slóði liggur meðfram tóftinni til suðausturs og sunnan hennar er girðing.
**Heimildaskrá**
Sölvi Sveinsson (1975). Örnefnaskrá Þingeyra, heimildamaður: Jón S. Pálmason. Örnefnastofnun Íslands.

**Þingeyrar 144733 169-61**
Sérheiti: Húnavað
Hlutverk: Vað
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Heimildamaður: Jósep Magnússon

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Sölva Sveinssonar segir: „Nokkur hundruð metrum norðar [norðan við Geirastaðatanga] er gamalt vað yfir Húnavatn. Það var aðalvað Vatnsnesinga, Víðdælinga o.fl. á leið til Blönduóss eða Skagastrandar. Þar heitir Húnavað“ (ÖSS, 2).
**Lýsing**
Á yfirlitskorti aftast í skýrslunni má sjá staðsetningu Húnavaðs.
**Heimildaskrá**
Sölvi Sveinsson (1975). Örnefnaskrá Þingeyra, heimildamaður: Jón S. Pálmason. Örnefnastofnun Íslands.

**Þingeyrar 144733 169-62**
Sérheiti: Djúpavað

Hlutverk: Vað
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Heimildamaður: Jósep Magnússon

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Suður frá Eyjabæ, meðfram Kvíslinni, er lítill engjablettur, sem tilheyrir Leysingjastöðum, og snertuspöl austar er allvæn og tær uppsprettulind, Sótasíki. Munnmæli herma, að þar hafi farizt hestur, er Sóti hét. Nokkru norðar, í lágflóanum austur af Eyjabæ, er lítil tjörn, Saurhólmatjörn, og liggur Síki frá henni til Brekkukvíslar, en beint vestur af henni er vað á Kvíslinni milli Saurhólma og Langhólma, Djúpavað“ (ÖHJ, 4).
**Lýsing**
Á meðfylgjandi korti má sjá vöðin sem voru yfir í engjaland Þingeyra.
**Heimildaskrá**
Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.

**Þingeyrar 144733 169-63**
Sérheiti: Fremra-Skakkvað
Hlutverk: Vað
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Heimildamaður: Jósep Magnússon

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „ Skakkkvísl skilur Leira frá Saurhólma. Hún liggur frá aðalkvíslinni norðaustur til Giljárkvíslar, og verður þar tangi milli þeirra, er Skakkur nefnist, en skömmu sunnar kvíslamótum liggur garður til Litlu-Giljárengis, er kalllast Stórigarður; hann er áveitumannvirki. Vöð tvö eru af Skakk til Leira, Fremra-Skakkvað og Ytra-Skakkvað” (ÖHJ, 4).
**Lýsing**
Á meðfylgjandi korti má sjá vöðin sem voru yfir í engjaland Þingeyra.
**Heimildaskrá**
Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.

**Þingeyrar 144733 169-64**
Sérheiti: Ytra-Skakkvað
Hlutverk: Vað
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Heimildamaður: Jósep Magnússon

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Skakkkvísl skilur Leira frá Saurhólma. Hún liggur frá aðalkvíslinni norðaustur til Giljárkvíslar, og verður þar tangi milli þeirra, er Skakkur nefnist, en skömmu sunnar kvíslamótum liggur garður til Litlu-Giljárengis, er kalllast Stórigarður; hann er áveitumannvirki. Vöð tvö eru af Skakk til Leira, Fremra-Skakkvað og Ytra-Skakkvað“ (ÖHJ, 4).
**Lýsing**
Á meðfylgjandi korti má sjá vöðin sem voru yfir í engjaland Þingeyra.
**Heimildaskrá**

Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.
**Þingeyrar 144733 169-65**
Sérheiti: Leiravað vestara
Hlutverk: Vað
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Heimildamaður: Jósep Magnússon

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Sölva Sveinssonar segir: „Í Hnausakvíslinni eru grasi vaxnir hólmar. Stærstur þeirra er Leirar, sem er nær austurbakkanum. Í hann er riðið um Leiravað, en hluti þess heitir Eyrasund" (ÖSS, 1). Í örnefnaskrá Halldórs Jónssonar eru nefnd tvö Leiravöð: „Vestur um kvísl, norðarlega frá Leirum, er Leiravað vestara og norðaustur frá þeim Leiravað austara. Eyrarsund skilur Smáhólma frá Leirum, en norðan þeirra tekur við Húnavatn" (ÖHJ, 4).
**Lýsing**
Á meðfylgjandi korti má sjá vöðin sem voru yfir í engjaland Þingeyra. Jósep Magnússon kallar vöðin, Leiravað syðra og nyrðra.
**Heimildaskrá**
Sölvi Sveinsson (1975). Örnefnaskrá Þingeyra, heimildamaður: Jón S. Pálmason. Örnefnastofnun Íslands.
Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.

**Þingeyrar 144733 169-66**
Sérheiti: Leiravað austara
Hlutverk: Vað
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Heimildamaður: Jósep Magnússon

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Sölva Sveinssonar segir: „Í Hnausakvíslinni eru grasi vaxnir hólmar. Stærstur þeirra er Leirar, sem er nær austurbakkanum. Í hann er riðið um Leiravað, en hluti þess heitir Eyrasund" (ÖSS, 1). Í örnefnaskrá Halldórs Jónssonar eru nefnd tvö Leiravöð: „Vestur um kvísl, norðarlega frá Leirum, er Leiravað vestara og norðaustur frá þeim Leiravað austara. Eyrarsund skilur Smáhólma frá Leirum, en norðan þeirra tekur við Húnavatn" (ÖHJ, 4).
**Lýsing**
Á meðfylgjandi korti má sjá vöðin sem voru yfir í engjaland Þingeyra. Jósep Magnússon kallar vöðin, Leiravað syðra og nyrðra.
**Heimildaskrá**
Sölvi Sveinsson (1975). Örnefnaskrá Þingeyra, heimildamaður: Jón S. Pálmason. Örnefnastofnun Íslands.
Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.

**Þingeyrar 144733 169-68**
Sérheiti: Stöplavað
Hlutverk: Vað
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Norðan við Þingeyratún var fyrrum vað austur um Húnavatn til Giljárengis; hét það Stöplavað. Gamalt fólk, sem skrásetjari hafði tal af í æsku sinnin, taldi það hafa verið mjög holótt. Mætti vera, að nafni væri þar af dregið, samanber að stöplast áfram” (ÖHJ, 4-5).

**Heimildaskrá**

Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.

**Þingeyrar 144733 169-69**

Sérheiti: Bræðrahólmi
Hlutverk: Varpstaður
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Heimildamaður: Jósep Magnússon

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Skammt norður frá túni er lítill hólmi, stutt frá landi, Bræðrahólmi. Hann mun gerður af mannahöndum og ætlaður til æðarvarps. Eigi veit skrásetjari um full rök fyrir nafninu og eigi víst hverjir þeir bræður voru” (ÖHJ, 5).

**Lýsing**

Vestast í Húnavatni er smá hólmi nálægt landi sunnan við Ingimundarhróf.

**Heimildaskrá**

Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.

**Þingeyrar 144733 169-70**

Sérheiti: Jóns Ásgeirssonar hólmi
Hlutverk: Varpstaður
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Skammt norður frá túni er lítill hólmi, stutt frá landi, Bræðrahólmi. Hann mun gerður af mannahöndum og ætlaður til æðarvarps. Eigi veit skrásetjari um full rök fyrir nafninu og eigi víst hverjir þeir bræður voru. Nokkru norðar er Jóns Ásgeirssonar hólmi; mun kenndur við Jón, son Ásgeirs Einarssonar, gerður í sama skyni” (ÖHJ, 5). Í greinagerð Jóns Torfasonar segir: „Hann [átt er við Jósep Magnússon bónda í Steinnesi] kannaðist ekki við Jóns Ásgeirssonar hólma en gat þess að nokkru utar en Bræðrahólmi er komi upp grjóthrúga við fjöru” (ÖJT, 1).

**Lýsing**

Heimildamenn þekkja ekki til þessa hólma.

**Heimildaskrá**

Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.
Jón Torfason. Örstutt greinargerð um Þingeyrar, heimildarmaður: Jósep Magnússon. Örnefnastofnun Íslands.

**Þingeyrar 144733 169-71**

Hlutverk: Torfrista
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Heimildamaður: Jósep Magnússon

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Er norður kemur um botn Hópsins, verður þar smáhvammur austur í hagabarðið, Votihvammur. Þar var torfrista, en léleg” (ÖHJ, 6).
**Lýsing**
Mótak var ekkert að Þingeyrum svo að Jósep Magnússon hafi vitað en mór fékkst frá Leysingjastöðum. Torfrista mun hafa verið sæmileg og á eylendinu var reiðingsrista, fljótandi torfa. Torfristur fundust ekki við vettvangsathugun.
**Heimildaskrá**
Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.

**Þingeyrar 144733 169-72**
Sérheiti: Selgígur
Hlutverk: Lending
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Selgígur nefndist hóll við ósinn [Bjargaós], nú horfinn, en nafn mun hann hafa fengið frá selveiði þeirri, er lengi hefir verið stunduð við ósinn, en þarna var oft bugað að” (ÖHJ, 6).
**Heimildaskrá**
Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.

**Þingeyrar 144733 169-73**
Sérheiti: Vað/Bjargavað
Hlutverk: Leið
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Inn af Reka vestanveðum, sunnan Fornaóss, er Varpið. Þar var fyrrum mesta svartbaksvarpið. Nokkru innan við Varpið liggja slóðir þær, sem farnar voru frá Þingeyrum, meðan veiði var stunduð þaðan í Bjargaós, og einni þeim, er ferðuðust milli norðurhluta Austur- og Vestur-Húnavatnssýslna. Slóðirnar liggja eftir malarrifi, og fast við þær að norðan er stakur gígur, Jarpsgígur. Þar var talið hálfnað frá Þingeyrum í Vaðhvamm og oft áð, en þungfært var löngum um Sandinn með vagna, er laxinn var fluttur heim. Vestarlega á Sandinum liggja slóðirnar gegnum hólaþyrpingu; kallast þar Þröngahlið, en þá taka við sléttir sandar til Bjargaóss, og vatnar yfir þá við stórstrauma. Þetta eru Vaðlar, og liggur frá þeim Vað eða Bjargavað um Ósinn” (ÖHJ, 6-7).
**Heimildaskrá**
Halldór Jónsson (1967). Örnefnaskrá Þingeyra. Örnefnastofnun Íslands.

**Þingeyrar 144733 169-74**
Hlutverk: Þjóðsaga
Tegund: Hestasteinn
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
„Landvættir hér a landi undu því allilla er kristni fór að breiðast hér út og þó þessa verst er

kirkjur voru reistar. Skömmu eftir að kirkja var sett á Þingeyrum er sagt að nátttröll það sem átti byggð í Vatnsdalsfjalli hafi bitið illa á brisið og þótt sér nær gengið er þar var kirkja reist. Nátttröll þetta var skessa; hún tók sig til eina nótt og ætlaði að hefna þessarar skapraunar. Hún gekk norður á Vatnsdalsfjallsenda eða því nær þar sem Öxl heitir, og af því hún hafði ekki annað hendi lengra en stafinn sinn greip hún til hans og kastaði honum og ætlaði að brjóta með því Þingeyrakirkju. En þegar hún hafði varpað stafnum litaðist hún um hvað tímanum liði, en þá ljómaði dagur í austri. Við það brá henni sem öðrum nátttröllum svo að hún hrapaði vestur af fjallseggjunum sem eru hár vegghamar og nam staðar á bing nokkrum spölkorn fyrir neðan hamrastallinn og varð þar að steinstöpli, og stendur hún þar enn í dag og er kölluð Kerling, upp undan bæ þeim sem dregur nafn af fjallsöxlinni en hún stóð á þegar hún kastaði stafnum og Öxl heitir. En það er að segja af stafnum að hann brotnaði sundur á fluginu og kom annar hlutinn niður ekki allfjarri Þingeyrakirkju því hann lenti á Þingeyrahlaði sunnanverðu og hefur hann verið hafður þar fyrir hestastein síðan; hann mun vera nærri þrjár álnir á lengd og ekki meir en tuttugu faðmar frá honum að kirkjunni þaðan sem hann var 1832. En hinn hluti stafsins kom niður fyrir sunnan Þingeyratún og er hann nokkru styttri. Hann er nú syðst i túntraðarhorninu til hægri handar er riðið er heim að Þingeyrum. ”(ÍÞÆ:205)

**Heimildir**

Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri I, 205

**Þingeyrar 144733 169-136**



17. Varnargarður norðan við Eyjabæ. Ljósm. GSS.

Sérheiti: Eyjabær
Hlutverk: Varnargarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning:
X: 436312,155
Y: 560396,933
Ástand: Lélegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ágangs búfjár

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá Halldórs Jónssonar segir: „Suður frá Brekkubakka er Stóru-Giljárpartur allt til Merkjaþúfu, en hún er snidduvarða [...]. Norðvestur frá þúfunni liggur djúpt drag, Geirastaðadrag, sem smágrynnist norður til Eyjabæjar, en svo nefnist rústaþyrping mikil á kvíslárbakkanum. Þarna eru leifar heygarða og fjárhúsa, en þarna var á síðustu öld hafður sauðfénaður á vetrum til að nýta hina kjarngóðu „Eyjabeit”. Bæjarkorn var þarna portbyggt og hét því stolta nafni Prúnkinborg, enda gnæfði hún yfir húsaþorpið” (ÖHJ, 3-4). Í óútgefnu riti Jóns Torfasonar segir: „Við Kvíslarnar eru svonefndur Eyjabær og er þar talsverð rústaþyrping á bakkanum, leifar heygarða og fjárhúsa. Þar var sauðfé haft á vetrum á beitarhúsum til að nýta beitina á Eylendinu” (JT, 81). Eyjabær er á bakka Vatnsdalsár að austan í vestsuðvestur af Fremri-

Brekku.

**Lýsing**

heimildum Jósefs Magnússonar.

Garður etv. til varnar vatnságangi hefur verið hlaðinn frá tóftunum til norðurs eftir árbakkanum. Hann er um 250 m langur, 40 sm hár og 50-60 sm breiður. Góður lendingarstaður er sunnan við tóftirnar.

**Heimildaskrá**

